

# Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2014 – 2017 ásamt greinagerðum.



Samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar  
20. nóvember 2013



MOSFELLSBÆR



## EFNISYFIRLIT

GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA .....	3
GREINARGERÐIR FRAMKVÆMDASTJÓRA SVIÐA .....	7
FJÖLSKYLDUSVIÐ .....	7
FRÆÐSLUSVIÐ .....	9
MENNINGARSVIÐ .....	10
UMHVERFISSVIÐ .....	11
STJÓRNSÝSLUSVIÐ AUK FJÁRMÁLAEILDAR OG KYNNINGARMÁLA .....	12
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM EINSTAKA MÁLAFLOKKA .....	13
00 SKATTTEKJUR .....	13
02 FÉLAGSÞJÓNUSTA .....	15
04 FRÆÐSLUMÁL .....	16
05 MENNINGARMÁL .....	18
06 ÆSKULÝÐS- OG ÍÞRÓTTAMÁL .....	19
07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR .....	20
08 HREINLÆTISMÁL .....	21
09 SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL .....	21
10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL .....	22
11 UMHVERFISMÁL .....	22
21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR .....	23
NÁNARI UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR DEILDIR .....	24
02 FJÖLSKYLDUSVIÐ .....	24
04 – FRÆÐSLUSVIÐ .....	29
05/06/13-01/21-71 – MENNINGARSVIÐ .....	31
06 – ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDAMÁL .....	33
13 ÞRÓUNAR- OG FERÐAMÁL .....	35
08/09/10/11/31/33/43/47/63 UMHVERFISSVIÐ .....	36
05/07/08/21-01...82 STJÓRNSÝSLUSVIÐ ÁSAMT FJÁRMÁLAEILD OG KYNNINGARMÁLUM .....	39
Fjármagnsliðir .....	39
FJÁRHAGSÁÆTLUN 2014 .....	40

## GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2014 samanstendur annars vegar af greinargerðum bæjarstjóra og framkvæmdastjóra sviða og hins vegar af tölulegum hluta sem inniheldur upplýsingar vegna samantekins A- og B- hluta og A- hluta bæjarsjóðs. A- hluti samanstendur af aðalsjóði, Eignasjóði, Fasteignafélaginu Lækjarhlíð, hjúkrunarheimili og þjónustustöð. Í B- hluta eru fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar í eigu sveitarfélagsins sem eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2014 sýnir rekstraráætlun, sjóðsstreymi og áætlaðan efnahagsreikning fyrir bæjarsjóð og stofnanir hans.

Samkvæmt fjárhagsáætlun sem lögð er hér fram fyrir árið 2014 verður rúmlega 28 mkr. afgangur af rekstri Mosfellsbæjar eftir fjármagnsliði. Að tillögu bæjarstjóra var gerð breyting á fjárhagsáætlun við seinni umræðu bæjarstjórnar og samþykkt að hækka ekki gjaldskrár skóla um áramót. Veltufé frá rekstri verður jákvætt um 718 mkr. eða um 10% af heildartekjum. Gert er ráð fyrir að skuldir sem hlutfall af tekjum muni lækka.

### Helstu áherslur í fjárhagsáætlun 2014 eru eftirfarandi:

- Að afgangur sé af rekstri bæjarins og veltufé frá rekstri verði jákvætt um 10% af tekjum.
- Að útsvarprósenta og álagningahlutföll fasteignagjalda verði óbreytt.
- Að skuldir sem hlutfall af tekjum lækki.
- Að gjaldskrár bæjarins verði þær sömu að raungildi en hækki til samræmis við verðlag.
- Að upphæð fjárhagsaðstoðar hækki um 8% og að reglur um fjárhagsaðstoð verði rýmkaðar með réttarbót í huga.
- Að gert sé áfram ráð fyrir hóflegri fjölgun íbúa í sveitarfélaginu.
- Að hafin verði hönnun nýs skólahúsnæðis í samræmi við stefnumótun þar um.
- Að standa vörð um skóla- og æskulýðsstarf og að forgangsraðað verði í þágu barna og velferðar.
- Að hafin verði vinna við gæðakerfi bæjarins og átak gert í þjónustu íbúagáttar.
- Að niðurgreiðslur til foreldra með börn hjá dagforeldrum hækki um 10%
- Systkinaafsláttur verði aukinn.
- Að upphæð frístundaávisunar hækki um 39%
- Að styrkir til íþróttá- og tólmstundafélaga hækki verulega.
- Að áfram verði haldið með sparnað og hagræðingu að leiðarljósi í rekstri bæjarins.
- Að tekin verði í notkun nýr íþróttasalur að Varmá sem bæta mun aðstöðu Aftureldingar til muna.
- Að tekinn verði í notkun nýr framhaldsskóli í miðbæ.
- Að þjónusta við eldri borgara eflist verulega með tilkomu nýs hjúkrunarheimils og þjónustumiðstöðvar á Hlaðhömrum.

Fjárhagsstaða Mosfellsbæjar er traust og reksturinn ábyrgur. Skuldastaða sveitarfélagsins er vel viðunandi miðað við þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað á undanförunum árum samfara



miklum vexti og fjölgun íbúa. Mosfellsbær hefur staðið fyrir miklum framkvæmdum í bænum síðustu ár. Þar má nefna byggingu hjúkrunarheimilis og framhaldsskóla ásamt nýbyggingu við íþróttamiðstöðina að Varmá og fjölda annarra smærri verkefna.

Grunnurinn hins vegar að allri þessari vinnu er að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem veitt er. Megináherslur í fjárhagsáætlun 2014 eru því hér eftir sem hingað til að standa vörð um grunn- og velferðarþjónustu bæjarins.

Mikil og ötul vinna hefur verið lögð í að koma þessari áætlun saman og hefur það verið krefjandi verkefni. Ég vil nota tækifærið og þakka öllu því góða starfsfólki bæði á bæjarskrifstofunum sem og í stofnunum fyrir afar óeigingjarnt starf við að koma þessari áætlun saman.

Nú, sem fyrr, er mikilvægt að halda á lofti gildum Mosfellsbæjar, *virðingu, jákvæðni, framsækni og umhyggju*. Með því að tileinka okkur gildin í þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur hverju sinni leiðum við Mosfellsbæ í átt að bjartri framtíð.

Mosfellsbæ, 21. nóvember 2013  
Haraldur Sverrisson bærstjóri

### Skatttekjur og framlag Jöfnunarsjóðs

Aðalsjóður (í mkr.)	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Breyting milli ára	
Útsvar	3.827	3.506	321	8%
Fasteignaskattur og lóðarleiga	723	656	67	9%
Framlög Jöfnunarsjóðs v/málefna fatlaðra	746	698	48	7%
Framlög Jöfnunarsjóðs önnur	451	426	25	6%
<b>Skatttekjur og framlög Jöfnunarsjóðs</b>	<b>5.747</b>	<b>5.287</b>	<b>461</b>	<b>9%</b>

## Skipting útgjalda og tekna niður á málaflokka innan A-hluta

Aðalsjóður (í mkr.)	Tekjur 2014	Laun 2014	Annar kostnaður 2014	Samtals áætlun 2014	Samtals áætlun 2013	Breyting milli ára	
00 - Skatttekjur	5.747	0	0	5.747	5.287	460	8%
02 - Félagsþjónusta	359	(239)	(1.279)	(1.159)	(1.097)	(62)	5%
04 - Fræðslu- og uppeldismál	512	(2.262)	(1.125)	(2.875)	(2.636)	(239)	8%
05 - Menningarmál	35	(79)	(85)	(129)	(127)	(2)	2%
06 - Æskulýðs- og íþróttamál	341	(230)	(748)	(637)	(613)	(24)	4%
07 - Brunamál og almannavarnir	0	(3)	(60)	(63)	(55)	(8)	13%
08 - Hreinlætismál	89	(4)	(103)	(17)	(19)	2	(12%)
09 - Skipulags- og byggingamál	43	(52)	(21)	(30)	(36)	6	(20%)
10 - Umferðar- og samgöngumál	0	0	(210)	(210)	(192)	(18)	9%
11- Umhverfismál	9	(34)	(56)	(81)	(72)	(9)	11%
13 - Atvinnumál	0	(2)	(4)	(6)	(9)	3	(50%)
21 - Sameiginlegur kostnaður	62	(285)	(152)	(375)	(263)	(112)	30%
22 - Lífeyrisskuldbindingar	0	(97)	0	(97)	(83)	(14)	14%
28 - Fjármagnsliðir	0	0	(414)	414	446	(32)	(8%)
<b>Aðalsjóður</b>	<b>7.198</b>	<b>(3.287)</b>	<b>(4.256)</b>	<b>482</b>	<b>531</b>	<b>(49)</b>	<b>(10%)</b>
Eignasjóður	738	(9)	(1.215)	(486)	(518)	32	(7%)
Fasteignafélagið Lækjarhlíð	141	0	(133)	8	(2)	10	(125%)
Þjónustustöð	67	(67)	(31)	(30)	(26)	(4)	13%
Millifærslur A-hluta	(1.381)	0	1.381	0	0	0	
<b>A - hluti samtals</b>	<b>6.764</b>	<b>(3.363)</b>	<b>(3.427)</b>	<b>(26)</b>	<b>(15)</b>	<b>(11)</b>	<b>42%</b>

## Skipting útgjalda og tekna niður á málaflokka innan B-hluta

B - hluti (í mkr.)	Tekjur 2014	Laun 2014	Annar kostnaður 2014	Samtals áætlun 2014	Samtals áætlun 2013	Breyting milli ára	
Félagsheimilið Hlégarður	0	0	0	0	(7)	7	(100%)
Félagslegar íbúðir	39	0	(42)	(2)	(4)	2	(100%)
Fráveita	166	0	(132)	34	24	10	29%
Hitaveita	326	0	(284)	43	44	(1)	(2%)
Vatnsveita	153	(25)	(98)	30	32	(2)	(7%)
Hjúkrunarheimili	63	0	(96)	(33)	(25)	(8)	24%
Millifærslur B-hluta	(138)	0	122	(16)	(16)	(0)	0
<b>B - hluti samtals</b>	<b>609</b>	<b>(25)</b>	<b>(529)</b>	<b>55</b>	<b>47</b>	<b>8</b>	<b>(14%)</b>
<b>A og B hluti samtals</b>	<b>7.372</b>	<b>(3.388)</b>	<b>(3.956)</b>	<b>28</b>	<b>34</b>	<b>-6</b>	<b>1%</b>

## Eignfærðar fjárfestingar

Fyrirhugaðar fjárfestingar í A hluta	2014
Varmárskóli - endurbætur (eldri og yngri deild)	20 mkr
Varmárskóli - útibú Brúarlandi (búnaður o.fl.)	20 mkr
Lágafellsskóli lausar stofur og hljóðvist / sérdeild	5 mkr
Leikskólinn Höfðaberg	26 mkr
Leik- og grunnskóli - ný aðstaða	75 mkr
Leirvogstunguskóli - 2 stofur, lóð og battavöllur o.fl.	45 mkr
Framhaldsskóli	25 mkr
<b>Samtals fjárfest í skólum</b>	<b>216 mkr</b>
Íþrótt- og tómstundamannvirki í Mosfellsbæ	130 mkr
Ævintýragarður	7 mkr
Stikaðar gönguleiðir	5 mkr
Skíðasvæði	4 mkr
<b>Samtals fjárfest í íþrótt- og tómstunda mannvirkjum</b>	<b>146 mkr</b>
Hlégarður / menningarhús	25 mkr
Bifreiðar og tæki	15 mkr
Gatnagerð (nettó)	0 mkr
<b>Samtals fjárfestingar A hluta</b>	<b>402 mkr</b>
<b>Fyrirhugaðar fjárfestingar í B hluta</b>	<b>2014</b>
Fjárfest í fráveitu (nettó)	30 mkr
Fjárfest í hitaveitu (nettó)	13 mkr
Fjárfest í vatnsveitu (nettó)	8 mkr
<b>Samtals fjárfestingar í B hluta</b>	<b>51 mkr</b>
<b>Samtals fjárfestingar í A og B hluta</b>	<b>453 mkr</b>





## GREINARGERÐIR FRAMKVÆMDASTJÓRA SVIÐA

### FJÖLSKYLDUSVIÐ

Um helstu verkefni fjölskyldusviðs fer samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlögum nr. 80/2002, lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997 og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Mannauðsstjóri fer með framkvæmd jafnréttismála í samræmi við samþykkt 902. fundar bæjarráðs 16. október 2008.

Markmiðin með þjónustu fjölskyldusviðs eru lögum samkvæmt:

- Að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa með því að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti.
- Að tryggja börnum þroskavænleg uppeldisskilyrði og veita þeim börnum nauðsynlega aðstoð sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu.
- Að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lífað sem eðlilegustu lífi, og grípa til aðgerða ef vandi steðjar að.
- Að koma almennt í veg fyrir félagsleg vandamál og veita hjálp til sjálfshjálpar.
- Að stuðla að og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla

Í störfum sínum leitast starfsmenn fjölskyldusviðs við að framfylgja gildum Mosfellsbæjar með því að þjónusta við einstaklinga og fjölskyldur einkennist af virðingu og umhyggju. Það gildir meðal annars um virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti og áherslu á samvinnu við aðila máls og samstarfsaðila. Jákvæð viðhorf í garð þessara aðila, ásamt framsæknum vinnubrögðum, eru jafnframt höfð að leiðarljósi.

Með tilfærslu á félagslegri þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaganna 1. janúar 2011 varð breyting á eðli og umfangi þjónustu fjölskyldusviðs og samfara því aukning útgjalda sem nema í áætlun 2014 samtals liðlega 766 m.kr. Framlag til Skálatúnsheimilisins vegur þar þyngst og nemur tæpum 415 m.kr. Verkefni á sviði jafnréttismála eru með óbreyttu sniði.

Á fjölskyldusviði störfuðu 1. október 56 starfsmenn í rúmum 26 stöðugildum þar af átta á skrifstofum í Kjarna (7,3 stg.), 29 (17,4 stg.) í búsetukjörnum fatlaðs fólks og þrír í félagsstarfi eldri borgara (1,3 stg.). Annað starfsfólk (16) starfar í tímavinnu við að veita fötluðu fólki liðveislu (1,9 stg.).

Þrátt fyrir minnkandi atvinnuleysi nýtur enn fjöldi einstaklinga fjárhagsaðstoðar sveitarfélagsins. Lögum samkvæmt ber Vinnumálastofnun að veita atvinnulausum einstaklingum án bótaréttar þjónustu. Hluti af samkomulagi um átaksverkefnið Liðsstyrk var að stofnunni yrði tryggt rekstrarfé til þess að standa straum af þeirri þjónustu frá og með septembermánuði 2013. Enn eru bundnar vonir við að af því verði og að fjölmennasti og viðkvæmasti hópur framfærsluþega, sem er unga, reynslulausa og ómenntaða fólkið, fái þar þjónustu.

Félagsleg ráðgjöf er sem fyrir sú þjónusta sem hvað mest hefur reynt á undanfarin ár, þar sem starfsmenn sviðsins veita og eru til staðar vegna aðstæðna hjá einstaklingum og fjölskyldum sem



tengjast örvæntingu, rótleysi, brostnum væntingum ásamt togstreitu og samskiptaerfiðleikum. Fjárhagsáætlun 2014 tekur mið af því að þetta sé sem fyrr rauður þráður í þjónustu sviðsins.

Undirbúningur sameiginlegrar bakvaktar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er á lokastigi. Verkefnið er afrakstur hugmyndasmiðju framtíðarhóps á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) sem haldin var 2. apríl 2011. Samkomulag hefur náðst um að um hefja samstarfið í formi reynsluverkefnis til eins árs (1. janúar 2014-31. desember 2014) þar sem höfuðborgarsvæðinu verði skipt í tvö samstarfssvæði, norður og suður. Mosfellsbær, sem er hluti af norðursvæðinu, mun eiga samstarf við Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbæ.

Nokkuð hefur dregist að hrinda í framkvæmd samstarfi sveitarfélaganna um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk en vonir eru bundnar við að farið verði í sameiginlegt útboð innan tíðar.

Innrétting nýs húsnæðis þjónustumiðstöðvar fyrir eldra fólk í Eirhömrum, sem tekið var í notkun á árinu, er eins og vænst var mikil lyftistöng fyrir félagsstarf eldri íbúa bæjarfélagsins. Með samstarfi félagsstarfsins, sem rekið er á vegum bæjarfélagsins, og Félags aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni (FaMos) undir sama þaki hefur orðið umtalsverð breyting. Sameiginleg dagskrá er fjölbreytt og fjölgað hefur til muna í þátttakendahópnum. Dæmi eru um að 150 manns hafa sótt starfið á viku.

Langþráður draumur Mosfellinga, hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ, hefur tekið til starfa. Heimilið er í alla staði hið glæsilegasta og bein tenging við öryggisíbúðir og þjónustumiðstöð tryggir margbreytileika, auðveldar íbúum hússins aðgengi að þjónustu og stuðlar að samskiptum íbúa og þeirra sem sækja þangað þjónustu.

Nýmæli í þjónustu fjölskyldusviðsviðs er notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA). Reglur þar að lútandi voru samþykktar í bæjarstjórn í september 2012. Þjónustan er reynsluverkefni sem ætlað er að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks fyrir aðstoð heima fyrir og úti í samfélaginu. Einstaklingurinn fær í hendur mánaðarlegar greiðslur frá sveitarfélaginu til að ráða til sín starfsfólk sem annast þá aðstoð sem hann þarfnast, í stað þess að þjónustan sé í höndum sveitarfélagsins. Í gildi eru tíu NPA samningar við fatlaða íbúa sveitarfélagsins.

Áætlun vegna félagslegra leiguíbúða tekur mið af rekstri íbúðanna árið 2013, auk þess sem aukið hefur verið við áætlun vegna viðhalds íbúða. Eitt af þeim verkefnum sem Mosfellsbær hratt í framkvæmd í tengslum við fyrrnefnt Liðsstyrksverkefni var úttekt á viðhaldsþörf félagslegra leiguíbúða. Fyrir liggur áætlun um viðhald og kostnaðarmat eignanna.

Íbúar Mosfellsbæjar hafa, líkt og aðrir íbúar höfuðborgarsvæðisins, ekki farið varhluta af takmörkuðu framboði á leiguhúsnæði og uppsprengdri húsaleigu. Það hefur sýnt sig undanfarin ár að eftirspurn eftir húsnæði er mjög breytileg og á það bæði við um fjölda umsækjenda og stærð húsnæðis. Undanfarin ár hafa sveitarfélögum ekki staðið til boða lán frá Íbúðalánasjóði til kaupa á félagslegu leiguhúsnæði, auk þess sem kynntar hafa verið breytingar á bótakerfi leigjenda og eigenda húsnæðis sem ekki er vitað hvaða áhrif munu hafa á markaðinn. Til þess að mæta þessu óvissuástandi hefur sú leið verið farin að fjölskyldusvið leigir íbúðir og framleigir til fjölskyldna með sömu skilyrðum og að um búsetu í félagslegu leiguhúsnæði bæjarfélagsins væri að ræða.

Tekjur á árinu 2014 eru áætlaðar í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar.





## FRÆÐSLUSVIÐ

Fjölgun íbúa í Mosfellsbæ er jöfn og stígandi. Börnum á leikskólaaldri hefur fjölgað hlutfallslega meira undanfarin ár en grunnskólanemendum, en á því er að verða breyting. Árið 2014 er gert ráð fyrir sambærilegum vexti í grunnskóla og í leikskóla. Ljóst er að bærinn er eftirsóttur fyrir barnafjölskyldur ef marka má fjölgunina í skólunum, sem hefur verið jöfn allt frá því árið 2008. Það ár voru leik- og grunnskólabörn 1938, en gert er ráð fyrir að í lok árs 2014 verði þau 2234. Þetta er um 15% fjölgun. Fjölgun á næsta ári á sér stað á nokkrum stöðum. Nemendum í Varmárskóla fjölgar vegna barna sem koma úr 4. bekk í Krikaskóla og það tekur enn 5 ár áður en jafnvægi næst. Þá er einnig fjölgun í Varmárskóla vegna barna úr Leirvogstungu. Fjölgun á sér enn stað á vestursvæði og gert ráð fyrir að nemendum fjölgi áfram í Lágfellsskóla.

Þá má geta þess að fjölgun barna í heilsdagsvistun grunnskólanna er jöfn og stígandi og því þarf að gera ráð fyrir auknum fjármunum til reksturs frístundaselja við grunnskólana.

Kostnaðarauki vegna fjölgunar leikskólarýma er fyrirferðarmeiri á árinu 2014 vegna stofnunar nýrra leikskóladeilda. Rekstur 5 ára deildar við Lágafellsskóla dregst saman samkvæmt þessari áætlun en ný deild, Höfðaberg, sem rekin er sem útbú frá Huldubergi hefur verið tekin í notkun og fylgir því aukin kostnaður. Þá er gert ráð fyrir nýjum leikskóladeildum í Leirvogstungu.

Í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar á grundvelli skýrslu um sérkennslu og sérfræðipjónustu hefur verið unnið að stofnun sérdeilda og annarra sérúrræða í leik- og grunnskólum. Fræðslunefnd lagði til árið 2012 að þetta ferli væri innleitt á þremur árum. Þessu fylgir kostnaðarauki á báðum skólastigum. Aukinn þungi í málefnum barna sem þurfa á sérkennslu að halda og fjölgun mikið fatlaðra barna gerir auknar kröfur á leik- og grunnskóla. Merki um þetta sjást bæði í leik- og grunnskólum þar sem launakostnaður eykst umfram hækkun kjarasamninga.

Við gerð fjárhagsáætlunar í fræðslumálum bæjarins fyrir árið 2014 hefur verið leitast við að halda uppi öflugu þjónustustigi leik- og grunnskóla. Það eru þó uppi miklar kröfur um aðhald í rekstri og allir sem að áætluninni koma hafa lagst á eitt við að hafa hagkvæmni að leiðarljósi við gerð hennar. Það er hins vegar ljóst að ekki má mikið út af bregða í auknum fjölda nemenda og að ekki er mikið svigrúm í áætlunum leik- og grunnskóla t.a.m. ef fjölgun barna verður veruleg milli skólaára. Sömu sögu er að segja í deildum sem halda utan um miðlægan kostnað eins og nemendur í öðrum skólum (04-27).

Nú sem fyrr er gert ráð fyrir að settir verði sérstakir fjármunir til hliðar til að niðurgreiða gjöld vegna barna hjá dagforeldrum. sem frá tveggja ára aldri fá aukna niðurgreiðslu svo gjöld til dagforeldra verði jafnhá leikskólagjöldum. Eykur það valfrelsi foreldra hvað varðar dagvistun barna á þessum aldri.

Gert er ráð fyrir að niðurgreiðslur til foreldra barna sem eru í vistun hjá dagforeldrum hækki og verði 45.000,- á mánuði. Þá hækkar systkinaafsláttur af þriðja barni í 75%.



Verkefnið Heilsu-eflandi samfélag hefur áhrif á fjárhagsáætlun en á árinu er lögð áhersla á hollt fæði og umbætur mótuneytum svo hægt sé að framfylgja stefnunni.

Gert er ráð fyrir að gjaldskrár á fræðsluviði muni hækka um 3,5% í samræmi við verðlag en sú hækkun er sambærileg og í nágrannasveitarfélögum.

Mosfellsbær hefur á undanförunum árum státað af því að vera skóla- og íþróttabær og eftirsóttur af barnafjölskyldum. Næstkomandi fjárhagsár mun áfram efla þá ímynd bæjarins. Nú sem fyrr hvíla verkefnin framundan á mjög öflugum starfsmannahópi í stofnunum og stoðþjónustu fræðsluviðs. Þá má ekki gleyma að gildi bæjarins: virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja, hafa ræktað vilja meðal starfsmanna til góðra verka og munu án efa gera það áfram á næsta fjárhagsári. Fræðsluvið Mosfellsbæjar getur nú sem fyrr státað af öflugum og hagkvæmum rekstri samhliða háu þjónustustigi.

## **MENNINGARSVIÐ**

Mosfellsbær er mikill menningar- og íþróttabær og eftirsóttur af barnafjölskyldum. Sundlaug Íþróttamiðstöðvarinnar Lágafells er í dag ein eftirsóttasta sundlaug á höfuðborgarsvæðinu og rekstrarforsendur hennar batna ár frá ári. Aðsóknartölur undanfarinna ára staðfesta þetta, en líkur eru á að fjöldi gesta í Lágafellslaug fari yfir 300 þúsund þriðja árið í röð. Þá eru taldir grunnskólanemendur, iðkendur íþróttafélaga og almennir gestir.

Á árinu 2013 voru gerðir tímamótasamningar við íþrótt- og tólmstundafélög Mosfellsbæjar og gilda þeir til 2017. Verulega er aukið í stuðning við félög í bænum og sér þess merki í fjárhagsáætlun 2014.

Stefnt er að áframhaldandi samstarfi skóla og frístundaselja við íþróttafélög um frístundafjórið sem nú hefur fest sig í sessi og með því styrkt Skólastefnu Mosfellsbæjar um þróun heildstæðs skóladags fyrir börn og þjónustu við barnafjölskyldur. Í tengslum við nýja samninga við íþróttafélög breytist hins vegar rekstrarform á þessu samstarfi og kostnaður færist nú yfir á fræðsluvið.

Þá er gert er ráð fyrir í þessari áætlun að frístundaávisunin verði hækkuð í 25.000,- haustið 2014.

Bókasafn Mosfellsbæjar mun áfram vera sú mikla þjónustumiðstöð við bæjarbúa sem safnið hefur verið undanfarin ár, sem veitir athvarf, fræðslu og tækifæri til að njóta margvíslegrar menningar, bæði úr héraði sem og á landsvísu og jafnvel heimsvísu. Og Mosfellsbær mun áfram styrkja og standa fyrir menningarviðburðum og menningarstarfsemi af margvíslegum toga.

Bókasafn Mosfellsbæjar hefur um nokkurn tíma haft samráð við Borgarbókasafn um gjaldskrár og gagnkvæmt aðgengi en það fyrirkomulag hefur leitt til aukinnar þjónustu og aukinna tækifæra fyrir íbúa Mosfellsbæjar þegar kemur að útlánum í söfnum á höfuðborgarsvæðinu.



Verkefni Mosfellsbæjar í tengslum við þróunar- og ferðamál eru með svipuðum hætti og á síðasta ári. Reynsla er að komast á rekstur tjaldsvæða og verður umsjón með rekstrinum á tómstundasviði (Bólið/Vinnuskóli). Þá verður áfram unnið að kynningarmálum með ferðaþjónustuaðilum í Mosfellsbæ og stutt við upplýsingaþjónustu ferðamála, sem nú er staðsett á Hótel Laxnesi. Þá mun Mosfellsbær á árinu 2014 fylgja þeirri auknu áherslu á heilsutengda atvinnustarfsemi og ferðaþjónustu sem varð til við stofnun heilsuklasa, sem í dag heitir Heilsuvin Mosfellsbæjar, m.a. með samvinnu um verkefnið Heilsueflandi samfélag.

Fjárhagsáætlun menningarsviðs 2014 styður við áform og stefnu bæjarins um eflingu íþróttar- og tómstundastarfs og þá ímynd að Mosfellsbær sé útivistarparadís með menningarlegu ívafi sem leggur áherslu á lýðheilsu íbúa og lífsgæði, sem jafnframt bjóði gesti og gangandi velkomna til leiks og viðburða og lengri eða skemmri dvalar.

## UMHVERFISVIÐ

Umhverfissvið hefur umsjón með skipulags- og byggingarmálum í sveitarfélaginu sem og veitumálum, gatna- og umferðarmálum, almenningssamgöngum, umhverfismálum og garðyrkju. Undir Umhverfissvið fellur einnig eftirlit með dýrahaldi, umhverfi og landbúnaði. Þá heyrir Eignasjóður undir sviðið og þar með viðhald allra fasteigna Mosfellsbæjar sem og aðrar nýframkvæmdir á vegum bæjarins.

Mikið hefur verið um nýframkvæmdir á vegum Mosfellsbæjar á síðastliðnum tveimur til þremur árum en segja má að þær hafi náð sögulegu hámarki á árinu 2013 með framkvæmdum við Þjónustumiðstöð aldraðra, nýju hjúkrunarheimili, íþróttahúsi, leikskólaútibúí frá Huldubergi og nýjum framhaldsskóla sem tekinn verður í notkun um næstu áramót. Þá hófust framkvæmdir við Tunguveg á haustdögum auk þess sem talsvert var unnið að gatnagerð í nýjum hverfum í Leirvogstungu og Helgafellshverfi sem Mosfellsbær hefur nú tekið yfir og ljóst er að töluverð verkefni eru framundan þar á komandi ári.

Á Umhverfissviði starfa nú 19 fastráðnir starfsmenn, þar af tveir í hlutastarfi og ennfremur voru tveir starfsmenn ráðnir tímabundið í atvinnuátaksstörf. Fyrirsjáanlegt er að breytingar verða á starfsmannahaldi sviðsins á næstu árum þar sem fimm starfsmenn náðu þeim áfanga að verða 67 ára á árinu 2013 og er því að einhverju leyti gert ráð fyrir fyrsta skrefinu í þeim breytingum í fjárhagsáætlun ársins 2014.

Umhverfissvið leggur áherslu á góða og skilvirka þjónustu við íbúana. Alltaf er þó markmið að bæta þjónustuna frekar og hafa þjónustuþættir eins og sorphirða verið bættir milli ára. Einnig má nefna að á næstunni verður tekið upp nýtt ábendingakerfi í tengslum við Kortasjá sveitarfélagsins sem verður aðgengileg á heimasíðu Mosfellsbæjar. Þar eiga íbúar að geta smellt á kortasjána, fengið upp skráningarglugga og staðsett holur í malbiki, óslegið gras eða annað sem þeir vilja koma á framfæri við sveitarfélagið og betur má fara. Þá er verið að útbúa aðgang fyrir Mosfellinga að Orkunni minni í gegnum Íbúagátt þar sem bæði raforkunotkun og heitavatnsnotkun íbúa er kortlögð í samanburði við aðra notendur höfuðborgarsvæðisins. Það er gert til þess að veita íbúum betri yfirsýn yfir orkunotkun sína og aðstoða þá við að spara orku og stuðla að grænum skrefum samkvæmt stefnu Mosfellsbæjar í Staðardagskrá 21. Helstu breytingar sem má búast við næstu misseri er aukning byggingarleyfisumsókna og er



Það afar jákvætt að framkvæmdir á íbúðamarkaði fari aftur af stað en æskilegt verður að auka rafræna stjórnsýslu á því sviði samhliða fjölgun umsókna. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 hefur verið lagt upp með að halda í það þjónustustig sem verið hefur á síðastliðnum árum sem lýtur að hirðingu opinna svæða, viðhaldi gatna og snjómokstri. Eingöngu er gert ráð fyrir hækkun gjaldskráa í samræmi við almenna verðlagsþróun í landinu.

## **STJÓRNSÝSLUSVIÐ AUK FJÁRMÁLAEILDAR OG KYNNINGARMÁLA**

Verkefni Stjórnsýslusviðs eru margþætt og snúa annars vegar að innri þjónustu þ.e. þjónustu við önnur svið, deildir og starfsmenn Mosfellsbæjar og hinsvegar að ytri þjónustu en það er þjónusta við viðskiptavinum bæjarins. Stjórnsýslusvið sér um mannauðsmál og launamál bæjarins. Einnig er um ræða verkefni eins og að annast, hafa eftirlit með og aðstoða við stjórnsýslu bæjarfélagsins s.s. vegna samþykpta, verklagsreglna og gjaldskráa. Ennfremur að annast verkefni fyrir yfirstjórn bæjarfélagsins, bæjarstjóra, bæjarstjórn, nefndir og ráð.

Almennir rekstrarliðir hafa viðmið sín úr gildandi þjónustusamningum, mati á raunnotkun og verðlagsbreytingum. Segja má um alla hefðbundna rekstrarliði að þeir einkennist af útsjónarsemi og góðum rekstri þar sem farið hefur verið í gegnum alla rekstrarliði stóra sem smáa með það að leiðarljósi að hagræða án þess þó að skerða þjónustu og gerir m.a. aukin rafræn þjónusta það mögulegt.

Helstu verkefni stjórnsýslusviðs það sem af er árinu 2013 auk hefðbundinna verkefna hafa verið að viðhalda og þetta innri verklagsreglur í stjórnsýslunni almennt, viðhalda rafrænni stjórnsýslu eftir bestu getu miðað við það fjármagn sem fengist hefur, svo sem íbúagátt fyrir íbúa bæjarins í gegnum vef hans og starfsmanna og fundargátt fyrir starfsmenn og kjörna fulltrúa. Rafrænar launaseðlar á starfsmanna og fundargáttinni og rafræn fundarboð hafa á síðastliðnum tveimur árum stórlega minnkað pappírsmarkað og sparað útgjöld.

Þjónusta og upplýsingagjöf til bæjarbúa er mikilvægt hlutverk og er lögð áhersla á að nýta allar færar leiðir í þeim efnum. Þjónustuver Mosfellsbæjar gegnir mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum frá starfsmönnum bæjarins til íbúanna og ennfremur að hafa milligöngu með upplýsingar um sérfræðiþjónustu sem veitt er á sviðum og hjá stofnunum bæjarins.

Fjármáladeild sér um öll fjármál bæjarins. Hér er um að ræða verkefni eins og að annast um bókhald, áætlanagerð, skatttekjur, innheimtumál og að hafa eftirlit með rekstri bæjarins.

Nýskipan við ritun fundargerða sem tekin var upp á fyrra ári hefur reynst vel og er öll framsetning fundargerðanna nú mun skýrari en áður var. Þannig fá íbúar sem fara inn á heimasíðu bæjarins og lesa fundargerðirnar mun meiri upplýsingar um þau erindi sem eru á dagskrá en áður var. Erindin hafa lýsingu sem segir stuttlega hvað er á ferðinni og niðurstaða fundarins kemur fram með skýrari hætti en áður.

**Unnur V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs,  
Björn Þráinn Þórðarson, framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs,  
Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs,  
Stefán Ómar Jónsson, framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs.**

## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM EINSTAKA MÁLAFLOKKA


### 00 SKATTTEKJUR

Meginhluti skatttekna eru í formi útsvars af launatekjum og eru þær 60% af heildartekjum sveitarfélagsins sem álíka hlutfall og á síðasta ári. Álagningarhlutfall útsvars er 14,48% sem er leyfilegt hámark samkvæmt lögum.

Við áætlun útsvars er gert ráð fyrir að útsvarstekjur munu hækka í takt við almennar launahækkunar og 2,7% fjölgunar íbúa milli ára. Því er gert ráð fyrir að útsvarið nemi um 3.827 mkr. á árinu, sem er hækking um 321 milljón milli ára.


Fasteignaskattar og lóðarleiga eru lagðir á samkvæmt gildandi fasteignamati og eru samtals 723 mkr. og hækka samanlagt um 67 mkr. milli ára. Framlög Jöfnunarsjóðs teljast hluti skatttekna og gert er ráð fyrir að framlög sjóðsins verði 1197 mkr þar af 746 mkr. vegna málefna fatlaðra og 252 mkr. vegna framlags til reksturs grunnskóla.

### SKIPTING SKATTTEKNA




■ Útsvar ■ Fasteignaskattar ■ Framlög úr Jöfnunarsjóði ■ Lóðaleiga

## Hlutfallslegur kostnaður eftir sviðum



## KOSTNAÐUR EFTIR SVIÐUM BREYTING MILLI ÁRA






## 02 FÉLAGSPJÓNUSTA

Heildarútgjöld til félagsþjónustu nema 1157mkr. sem er 20% af heildarútgjöldum sveitarfélagsins. Er það hækkun um 62 mkr milli ára, sem nemur 6%.

### SKIPTING ÚTGJALDALIÐA INNAN FÉLAGSPJÓNUSTU 2013 OG 2014




## 04 FRÆÐSLUMÁL

Heildarútgjöld til fræðslumála nema 2.862 mkr. sem nemur um 51% af heildarútgjöldum sveitarfélagsins og er það hækkan um 229 mkr. milli ára sem nemur 10%.


Meginhluti útgjalda er vegna reksturs grunnskóla Mosfellsbæjar, Varmárskóla og Lágafellsskóla eða um 1.568 mkr. Framlag til Krikaskóla sem er leik- og grunnskóli fyrir 1-9 ára börn nemur um 270 mkr. Útgjöld vegna leikskóla og leikskóladeilda grunnskólanna eru samtals um 653 milljónir króna.

### SKIPTING KOSTNAÐAR MILLI DEILDA INNAN FRÆÐSLUSVIÐS 2013 og 2014






## Skipting kostnaðar milli leikskóla (Án Krikaskóla sem er bæði leik- og grunnskóli)




## Skipting kostnaðar eftir grunnskólum (Með Krikaskóla sem er leik- og grunnskóli)



## 05 MENNINGARMÁL

Heildarútgjöld til menningarmála nema 129 mkr og eru þau 2% heildarútgjalda sveitarfélagsins. Útgjöld til þessa málaflokks hækka um tæpar 2 mkr. milli ára, sem nemur 1%. Fjárveitingar til Bókasafns Mosfellsbæjar og Héraðskjallasafns nema um 85 mkr. Stærsti einstaki menningarviðburðurinn er bæjarhátíðin Í túninu heima, en í hana eru veittar um 6,5 mkr. en það er lækkun frá síðasta ári.


### SKIPTING KOSTNAÐAR MILLI DEILDA INNAN MENNINGARMÁLA



## 06 ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL

Heildarútgjöld til æskulýðs- og íþróttamála nema 632 mkr. sem er 12% útgjalda sveitarfélagsins. Framlög til málaflokksins hækka um 29 mkr. milli ára sem nemur um 5%.


### KOSTNAÐUR VEGNA ÍPRÓTTA OG TÓMSTUNDA



## 07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna nema um 63 mkr. eða 1% útgjalda. Áætlunin er í samræmi við samþykkt stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Útgjöld til málaflokksins hækka um 8 mkr. milli ára sem nemur 15% hækkun.

### SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA INNAN BRUNAVARNA OG ALMANNAVARNA




- Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
- Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins
- Björgunarsveitin Kyndill



## 08 HREINLÆTISMÁL

Heildarútgjöld til hreinlætismála nema um 17 mkr. sem er vel innan við 1% af útgjöldum. Meginhluti útgjalda málaflokksins er vegna sorphreinsunar og sorpeyðingar skv. greiðslum til Sorpu bs. Í samræmi við eigendasamkomulag. Útgjöld í málaflokknum lækka um 1,7 mkr. milli ára sem er 9% lækkun.


### SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA INNAN HREINLÆTISMÁLA



## 09 SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL

Heildarútgjöld til skipulags- og byggingarmála nema 29,5 mkr. á árinu, sem er vel innan við 1% af útgjöldum. Útgjöldin lækka um rúmar 4 mkr. sem skýrist aðallega af því að vinnu við nýtt aðalskipulag er nú lokið.


### SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA INNAN SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁLA



## 10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL

Heildarútgjöld til umferðar og samgöngumála nema 210 mkr. á árinu. Útgjaldaukning er í málaflokknum upp á 12 mkr. sem er 6% hækkun á milli ára. Langstærsti útgjaldaliðurinn er framlag til Strætó bs sem er áætlað 130 mkr. á árinu.


### SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA INNAN UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁLA



## 11 UMHVERFISMÁL

Heildarútgjöld til umhverfismála nema 81 mkr. Framlög til málaflokksins aukast um 9 mkr. milli ára sem nemur 13%


### SKIPTING MILLI ÞJÓNUSTUÞÁTTA UMHVERFISMÁLA



## 21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Heildarútgjöld vegna sameiginlegs kostnaðar nema 469 mkr. sem er 9% heildarútgjalda sveitarfélagsins. Útgjaldaaukning í málaflokknum skýrist aðallega að óvissum útgjöldum sem tengast kjarasamningagerð á árinu 2014 og gjaldfærðs kostnaðar vegna reiknaðrar lífeyrisskuldbindinga.

### SKIPTING Á SAMEIGINLEGUM KOSTNAÐI



## NÁNARI UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR DEILDIR

### 02 FJÖLSKYLDUSVIÐ

#### 02-01 Fjölskyldunefnd

Áformað er að nefndin haldi 14 fundi á árinu, að jafnaði einn í mánuði, en tvo fundi í júní og október. Gert er ráð fyrir að tveir nefndarmenn taki þátt í landsfundi jafnréttisnefnda.

#### 02-02 Skrifstofa fjölskyldusviðs

Áætlunin gerir ráð fyrir samtals 7,3 stöðugildum, húsnæðisfulltrúa í 80% starfi, fjórum stöðum félagsráðgjafa, ásamt framkvæmdastjóra sviðsins. Annar launakostnaður starfsmanna á skrifstofu er færður á deild 02-50 málefni fatlaðs fólks. Millifærð kostnaðarhlutdeild er hlutdeild í launakostnaði vegna þjónustu við fatlað fólk sem færð er til gjalda á þann lið (02 50). Eins og fram kemur í inngangi er gert ráð fyrir þátttöku Mosfellsbæjar í sameiginlegri bakvakt barnaverndarmála á árinu í samstarfi við Reykjavíkurborg og Seltjarnarnes. Kostnaður vegna þess nemur tæpum 1,8 m.kr. og er færður sem aðkeypt vinna. Um verði að ræða reynsluverkefni til eins árs frá 1.1. til 31.12.2014

#### 02-11 Fjárhagsaðstoð

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013 voru vonir bundnar við að aukinn hagvöxtur og minnkandi atvinnuleysi drægi úr þörf íbúa Mosfellsbæjar fyrir fjárhagsaðstoð. Þrátt fyrir hagstæðari tölur um almennt efnahagsástand hefur það ekki verið reyndin; styrkþegum hefur fjölgað og útgjöld aukist. Síðustu mánuðina hefur nokkuð dregið úr útgjöldum sem er vonandi teikn um það sem koma skal. Þá er gert ráð fyrir aukinni þjónustu Vinnumálastofnunar við framfærsluþega, sem var hluti samkomulags ríkis og sveitarfélaga við innleiðingu Liðsstyrks. Tillag um breytingu á reglum sem feli í sér:

- Hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar úr 142.290 krónum í 153.500 krónur.
- Hækkun kvarða í 75% í stað 50% til þeirra sem hafa börn á framfæri og búa hjá öðrum
- Heimildarákvæði.
  - Lán v. fyrirframgreiðslu húsaleigu verði skilgreint 300 þús, er óskilgreint í dag.
  - Aðstoð v. barna 12. þús/mán v. dagvistun/leikskóli/möguneyti/frístundaheimili endurskoðist á 6 mán fresti.
  - Styrkur v. tannlækninga um 60 þús. til þeirra sem hafa verið á fjárhagsaðstoð í 6 mánuði.
  - Dregið úr skerðingaráhrifum launa í fyrri mánuði hjá þeim sem eru með skerta aðstoð v. búsetu hjá öðrum.
  - Aðstoð til náms og bókakaupa v. einstaklinga sem hafa fengið fjárhagsaðstoð í ár.

#### 02-16 Dvalargjöld

Dvalargjöld eru útgjöld vegna vistunar- og dvalargjalda barna sem eru í fóstri, dvelja á meðferðarheimilum eða njóta niðurgreiðslna vegna leikskóladvalar samkvæmt ákvörðun fjölskyldunefndar, sbr. ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002. Kostnaður vegna starfsmanna við eftirlit með vistun barns er bókfærður á þennan lið. Ætlaður vistunarkostnaður er metinn í samræmi við stöðu mála við gerð áætlunar.



### **02-18 Húsaleigubætur**

Húsaleigubætur taka mið af útgjöldum bóta það sem af er árinu 2013. Reiknað er með óbreyttu hlutfalli vegna endurgreiðslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá því sem verið hefur, þ.e. 60,0% vegna sérstakra bóta og 51,5% vegna almennra bóta. Í bígerð er að leggja af húsaleigubætur og vaxtabætur, í staðinn kæmu húsnaðisbætur. Ekki liggur fyrir hvort af framkvæmd þessari verður eða með hvaða hætti hún verður ef til kemur. Eins og fram kom í greinargerð með fjárhagsáætlun 2013 gerðu tillögur vinnuhóps sem lagðar voru fram í maí 2012 ráð fyrir að húsnaðisbætur verði að fullu greiddar úr ríkissjóði. Er þá miðað við að tekjustofnar verði endurskoðaðir þannig að sveitarfélögin verði jafnsett fyrir og eftir breytinguna.

### **02-31 Barnaverndarmál**

Barnaverndarmál fela í sér útgjöld vegna meðferðar mála einstakra barna, þ.e. úrræða sem gripið er til í samræmi við barnaverndarlög. Ætluð útgjöld taka mið af stöðu málaflokksins við gerð áætlunarinnar. Áhersla er lögð á að styðja eins lengi og unnt er við fjölskyldur þannig að börn geti dvalið heima sem lengst. Það er mat starfsmanna að fyrirkomulag þetta hafi komið í veg fyrir ráðstöfun barna í fóstur, sem er ætíð neyðarráðstöfun. Lögræðikostnaður vegna skipunar talsmanns fyrir barn er samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra laga.

### **02-41 Framlög til ellilífeyrisþega og öryrkja**

Framlög þessi eru niðurgreiðslur fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja hjá Strætó BS í samræmi við áætlun fyrirtækisins.

### **02-42 Þjónustuhópur aldraðra**

Áætlun vegna þjónustuhóps aldraðra gerir ráð fyrir að hópurinn fundi fjórum sinnum á árinu. Samkvæmt lögum um málefni aldraðra skiptist kostnaður af vinnu hópsins milli sveitarfélaga sem aðild eiga að honum í hlutfalli við fjölda íbúa í hverju sveitarfélaganna.

### **02-43 Hjúkrunarheimili**

Rekstrargjöld eru áætluð í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1217/2012 um dagpeninga til reksturs heimilisins sem er 23.359 krónur á rými á dag. Samningur Mosfellsbæjar við Eir kveður á um að daggjöld og rekstrarkostnaður standi á jöfnu.

### **02-45 Þjónustumiðstöð aldraðra**

Tekjur vegna húsaleigu og hússjóðs koma til af fjórum íbúðum sem Mosfellsbær er enn með leigusamning um við Eir - hjúkrunarheimili. Í íbúðunum búa einstaklingar sem fluttu í húsið fyrir 1. janúar 2007 þegar Mosfellsbær seldi Eir húsið. Einnig eru áætlaðar tekjur vegna leigu á snyrtistofum. Millifærð kostnaðarhlutdeild er vegna þjónustu starfsmanna þjónustumiðstöðvar við félagsstarf eldri borgara. Tekjur vegna heimilishjálpar eru endurgreiðslur þeirra sem fá félagslega heimaþjónustu og greiða fyrir hana samkvæmt gjaldskrá. Endurgreiðslur ríkissjóðs eru daggjöld vegna dagdvalar samkvæmt fyrrgreindri reglugerð nr. 1217/2012 .

Áætluð útgjöld vegna þjónustunnar taka mið af samþykktri þjónustu. Hækkun útgjalda er vegna leigu fyrir afnot af endurbættu húsnaði samkvæmt samningi Mosfellsbæjar og Eirar - hjúkrunarheimilis. Reiknaður kostnaður vegna félagslegrar heimaþjónustu, sem er aðkeypt frá Eir - hjúkrunarheimili, miðast við að stöðugildi í húsinu séu um átta og fjögur vegna heimila úti í bæ. Kostnaður á stöðugildi á mánuði skv. samningi, þ.m.t. viðbót vegna veikinda og umsýslu, er reiknaður út frá kostnaði mánuðina janúar-júní 2012. Hækkun frá apríl er áætluð 4,5% sem er reiknað meðaltal hækkunar kjarasamninga Eflingar.



Í áætlun er gert ráð fyrir að Mosfellsbær greiði leigu af húsnæði dagdvalar, en að daggjöld standi undir kostnaði við rekstur deildarinnar. Hækkun gjalda vegna millifærðrar húsaleigu er vegna kostnar við endurbætur á húsnæði þjónustumiðstöðvar.

#### **02-48 Félagsstarf aldraðra**

Áætlunin tekur mið af rekstri vegna starfseminnar árið 2013. Stækkun og endurbætur á aðstöðu þjónustumiðstöðvar, ásamt samstarfi félagsstarfsins, sem rekið er á vegum bæjarfélagsins, og FaMos hefur reynst eins og vænst var mikil lyftistöng fyrir félagsstarfið. Sameiginleg dagskrá er fjölbreytt og fjölgað hefur til muna í þátttakendahópnum. Dæmi eru um að 150 manns hafa sótt starfið á viku eins og fram hefur komið.

#### **02-50 Málefni fatlaðs fólks – yfirstjórn**

Tekjur vegna málaflokksins eru áætlaðar rúmar 766 m.kr. á árinu. Við þá áætlun hefur verið haft samráð við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Torvelt er þó að áætla tekjurnar vegna þess að þær eru háðar útsvarstekjum, að hluta til í bæjarfélaginu og að hluta til á landinu öllu. Ennfremur liggur fyrir að forsendur framlaganna (hlutdeild SIS-mats) munu breytast milli árána 2013 og 2014 og ekki er ljóst hvaða áhrif það hefur á framlög til hvers þjónustusvæðis fyrir sig. Þá er þess að geta að undanfarin tvö ár hefur áætlun sjóðsins fyrst verið birt að vori viðkomandi árs og síðan endurskoðuð síðla ársins.

Framlag til Skálatúns er í samræmi við samning Mosfellsbæjar við heimilið frá 11.5 2012; heildargreiðsla yfir árið verður tæpar 415 m.kr. Hækkun greiðslu um 2% frá 2013 byggir á væntu mati Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á fjárförf heimilisins í ljósi mats á stuðningsþörfum (SIS-mati) íbúa.

Samningur er í gildi við Ásgarð – handverkstæði um greiðslu fyrir 11 stöðugildi. Greiðsla á árinu 2014 mun nema tæpum 30 m.kr. Samningurinn tekur breytingum í samræmi við vísitölu launa sem eru áætlaðar 4%. Áætlaðar tekjur bæjarins vegna þjónustu við fatlaða starfsmenn í Ásgarði með lögheimili utan Mosfellsbæjar nema á móti um 16,5 m.kr.

Áætlaðar eru liðlega 27 m.kr. til þjónustusamnings vegna einstaklings sem dvelur tímabundið í Svíþjóð. Samningurinn gildir fram í september 2014.

Ófyrirséður kostnaður vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 er áætlaður 19,5 m. kr. Rétt þykir að sú fjárhæð sé rífleg vegna ofangreindrar óvissu um framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Vægi Skálatúns í framlögum til Mosfellsbæjar er mikið og breyttar forsendur hlaupa fljótt á háum upphæðum.

#### **02-51 Málefni fatlaðra**

Áætluð útgjöld eru vegna þjónustu við fatlað fólk sem sveitarfélög höfðu þegar með höndum fyrir tilfærsluna frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun 2011. Er þar einkum um að ræða almenna liðveislu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og ferðaþjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks. Áætlunin tekur mið af útgjöldum ársins 2013 og þjónustu sem samþykkt hefur verið að veita. Við áætlun um laun til liðveislu er gert ráð fyrir samningsbundinni hækkun 1.3 2014 og lítilsháttar fjölgun notenda.





Fyrir dyrum stendur sameiginlegt útboð sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Ljóst er þó að akstur samkvæmt niðurstöðu þess mun ekki hefjast fyrr en á síðari hluta ársins 2014. Því er gert ráð fyrir að gjald núverandi verktaka í ferðaþjónustunni fatlaðs fólks pr. ferð haldist óbreytt frá því sem nú er (hækkaði nýverið um 8%) og jafnframt gert ráð fyrir nokkurri hækkun þessara útgjalda í ljósi rauntalna það sem af er árinu 2013. Jafnframt hækkuðu útgjöld til aksturs fatlaðra skólabarna á árinu 2013 umfram áætlun ársins.

Af ofangreindum sökum hækka útgjöld á þessum lið milli ára um 9.9%.

#### **02 52 – Frekari liðveisla (og NPA)**

Útgjöld á þessum lið eru til tíu samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) sem fjölskyldunefnd hefur samþykkt að gildi út árið 2014. Einn samningurinn hækkar all nokkuð frá þeirri fjárhæð sem áætluð var fyrir árið 2013 en aðrir eru óbreyttir að krónutölu. Gert var ráð fyrir í áætlun ársins að annar samningur rynni út um mitt ár 2013 og önnur þjónusta tæki við, en ekki varð af því. Af þessum sökum aukast útgjöld milli ára um 18% sé litið til áætlana 2013 og 2014.

Meginhluti útgjalda vegna þessa er bókfærður á liðinn frekari liðveisla, en nokkur hluti sem félagsleg heimþjónusta (02 45) og almenn liðveisla (02 51). Þetta er gert til að halda aðskildum kostnaði sem sveitarfélagið bar fyrir tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga og þeim sem kom til eftir hana. Það skiptir máli fyrir það faglega og fjárhagslega uppgjör vegna tilfærslunnar sem fram á að fara á árinu 2014.

#### **02 53 – Stuðningsfjölskyldur**

Áætlun 2014 tekur mið af útgjöldum vegna þjónustunnar árið 2013, ætlaðrar lítilsháttar fjölgunar stuðningsfjölskyldna og 8% hækkunar á greiðslum til þeirra sem kom til eftir samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir 2013.

#### **02 54 – Hulduhlíf**

Áætlunin tekur mið af óbreyttri starfsemi. Hækkun (4.7%) frá áætlun fyrir 2013 kemur til vegna samningsbundinna breytinga á launum þorra starfsmanna og nákvæmari útreikninga á launaliðum sem varða vaktavinnu.

#### **02 55 – Klapparhlíf**

Áætlunin tekur mið af óbreyttri starfsemi. Hækkun (7.6%) frá áætlun fyrir 2013 kemur annars vegar til vegna samningsbundinna breytinga á launum þorra starfsmanna og hins vegar vegna vanáætlaðra leigugjalda það ár. Gert hafði verið ráð fyrir að losa eina af íbúðum búsetukjarnans (í eigu Brynju – hússjóðs ÖBÍ), en af því varð ekki.

#### **02 56 – Þverholt**

Áætlunin tekur mið af óbreyttri starfsemi. Hækkun (6.8%) frá áætlun fyrir 2013 kemur til vegna samningsbundinna breytinga á launum þorra starfsmanna og nákvæmari útreikninga á



launaliðum sem varða vaktavinnu. Ennfremur verða nokkrar breytingar á þjónustu sem auka útgjöld í búsetukjarnanum, en minnka þau undir liðnum 02-58 – Dagþjónusta.

#### **02-57 – Skammtímavistun**

Mosfellsbær kaupir þjónustu vegna skammtímavistunar frá Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Gert er ráð fyrir 1) 4% hækkun þeirrar þjónustu á árinu 2013, 2) að komið verði til móts við þarfir tveggja nýrra einstaklinga um þjónustu og 3) að kostnaður vegna tveggja núverandi notenda verði nokkru minni en nú. Tveir síðarnefndu liðirnir vega hvor annan upp.

#### **02 58 – Dagþjónusta**

Sú þjónusta sem hér er áætlað fyrir er að öllu leyti aðkeypt (Fannborg – hæfingarstöð og Örvi – starfsþjálfun í Kópavogi, Ás – vinnustofa og Bjarkarás – hæfingarstöð í Reykjavík, Vinnustofur Skálatúns og Vinnustofa Hleinar á Reykjalandi). Áætlunin tekur mið af þeirri þjónustu sem veitt er á árinu 2013, auk þess sem gert er ráð fyrir því að þrjár einstaklingar sem eru á biðlista fái tilboð um þjónustu. Nokkrir tilflutningar hafa orðið á árinu 2014, m.a. í ódýrari úrræði, og að teknu tilliti til þess nemur áætluð hækkun milli ára 1.6%.

#### **02-62 Fræðslu- og forvarnarstarf**

Áætlunin gerir ráð fyrir að verkefni á sviðið fræðslu- og forvarnarstarfs í málum barna séu með sama hætti og undanfarin ár. Þá er gert ráð fyrir því að endurnýjaður verði samstarfssamningur við fyrirtækið Rannsóknir og greining ehf um úrvinnslu rannsókna á högum og líðan ungs fólks í grunn- og framhaldsskólum Mosfellsbæjar.

#### **02-65 Jafnréttismál**

Áætlunin gerir ráð fyrir þátttöku jafnréttisfulltrúa á árlegum fundi jafnréttisnefnda, auk útgjalda við jafnréttisdag Mosfellsbæjar og veitingu jafnréttisviðurkenningar.

#### **02-74 Orlofssjóður húsmæðra**

Áætlun er í samræmi við ákvæð laga nr. 53/1972 um orlof húsmæðra.

#### **02-75 Framlag til varasjóðs viðbótarlána**

Um er að ræða lögbundið framlag sveitarfélagsins.

#### **02-81 Ýmsir styrkir**

Árlegur styrkur til félagsmála er óbreyttur frá yfirstandandi ári, kr. 300 þús., og styrkur til FAMOS er í samræmi við saming bæjarfélagsins við félagið. Þá er gert ráð fyrir greiðslum Mosfellsbæjar til Fjölsmiðjunnar í samræmi við samning þar að lútandi.

#### **02-61 Félagslegar leiguíbúðir**

Eins og fram kemur í inngangi tekur áætlun vegna félagslegra íbúða mið af rekstri ársins 2013.



## 04 – FRÆÐSLUSVIÐ

Stofnanir og verkefni á fræðslusviði eru færðar á 25 bókhaldsdeildir á fjárhagsárinu 2014. Hver stofnun hefur afmarkað hlutverk, en í heild er mikið samstarf milli stofnana á sviðinu, en einnig milli stofnana á öðrum sviðum Mosfellsbæjar.

Stofnanirnar eru: Skólaskrifstofa, Hulduberg og Höfðaberg, Hlaðhamrar, Hlíð, Reyjakot, Leirvogstunguskóli (leikskóladeild), Lágafellsdeild (leikskóladeild Lágafellsskóla), Varmáskóli, Krikaskóli, Lágafellsskóli, Frístundasel Lágafellsskóla, Frístundasel Varmáskóla, Listaskóli Mosfellsbæjar og Skólahljómsveit.

Auk þess er fært á sérstakar bókhaldsdeildir niðurgreiðslur og styrkir, sumargæsla, greiðslur vegna nemenda í öðrum skólum, skólaakstur og greiðslur fyrir Umferðarskólann unga vegfarendur og innri húsaleiga vegna Borgarholtsskóla og nú bætist við Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ.

### 04-01 Fræðslunefnd

Nefndarfundir eru áætlaðir 13 á árinu, en það er sambærilegt og síðastliðin ár. Kostnaðaraukning umfram 3,25% launahækkun stafar af röngum launaforsendum í áætlun nefndarinnar sl. ár.

### 04-02 Skrifstofa Fræðslu- og menningarsviðs.

Fjárhagsáætlun 2014 gerir ráð fyrir að þjónusta haldist óbreytt frá síðasta ári. Skólaskrifstofa hefur með hendi sérfræðiþjónustu, auk þess sem Skólaskrifstofa hefur með höndum sérstök verkefni vegna ADHD - barna. Kostnaður vegna sérfræðiþjónustu yfir á stofnanir í samræmi við nemendafjölda í hverri stofnun sem nýtur þjónustu Skólaskrifstofu. Vekja má athygli á því að starfsfólk Skólaskrifstofu hefur á undanförunum árum verið ötult að afla styrkja til margvíslegra verkefna á vegum skrifstofunnar, tam. styrkur vegna PALS verkefnisins sem er sérútfærð kennsluáðferð, styrkur vegna þróunarverkefna um eflingu þjónustu við börn með sérþarfir og langveik börn, auk styrkja vegna margvíslegra endurmenntunarverkefna.

### 04-11; 04-12; 04-13; 04-14; 04-15; 04-16; 04-18; 04-20; 04-23 Leikskólar Mosfellsbæjar.

Í þessari fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að leikskólar, leikskóladeildir ásamt Krikaskóla þjóni öllum börnum í fjögur ár frá hausti þegar börn verða 2ja ára og til 5 ára að hausti, þegar leikskólabörn innritast í grunnskóla. Kostnaðarauki vegna fjölgunar kemur einkum fram hjá Leirvogstunguskóla og Höfðabergi. Þessi kostnaður er eitthvað meiri en sem samsvarar barnafjöldanum, þar sem verið er að stækka og byggja nýjar deildir. Þá er einnig kostnaðarauki milli ára vegna fjölgunar barna með sérþarfir og barna með fötlun.

Stefnt er að því að starfsmannafundir verði sem mest á dagtímum og því framhaldið að inn í skóladagatal leikskólanna sé bætt tveimur dögum á vorönn og tveimur dögum á haustönn, þar sem skólunum verði lokað kl. 14 vegna starfsmannafunda og þessa daga verði öll börn sótt fyrr. Rétt er að taka fram að óskir hafa heyrst frá foreldrum um að þessu fyrirkomulagi verði breytt, en ekki var talið svigrúm til að breyta því til fyrra horfs að þessu sinni.



#### **04-17 Gæsluvöllur**

Gæsluvallarþjónustan að sumri verður áfram í boði nærri miðbæ, en síðastliðið sumar var boðið upp á gæsluvöll við Njarðarholt. Gert er ráð fyrir að húsnæðið við Njarðarholt verði áfram leigt tveimur dagmæðrum.

#### **04-19 // 02-19 Niðurgreiðsla leikskólagjalda**

Félagsleg niðurgreiðsla leikskólagjalda, 02-19, verður áfram með þeim hætti að gert er ráð fyrir að tekjutengja slíka afslætti, en niðurgreiðslur vegna barna í vistun hjá dagforeldrum eru einnig tekjutengdar. Tekjuviðmið hækka í samræmi við neysluvísitölu einu sinni á ári. Það er sama aðferðarfræði og er við lýði í nágrannasveitarfélögum sem hafa tekjutengt afslætti. Gert er ráð fyrir að systkinaafsláttur af þriðja barni verði 75% og að niðurgreiðslur til foreldra barna hjá dagforeldrum hækki í 45.000,-

#### **04-21; 04-25; 04-30; 04-31 Grunnskólar**

Grunnskólanemendum fjölgar milli ára og nú er fjölgunin einkum hjá Varmárskóla miðað við fjárhagsáætlun fyrra árs. Elstu árgangur úr Krikaskóla eru nú að flytjast í Varmárskóla eins og gert var ráð fyrir í áætlunum um Krikaskóla. En einnig fjölgar í Lágafellsskóla, en fjöldi barna í Krikaskóla hefur náð jafnvægi. Vert er að geta þess eins og áður segir að enn eru að aukast sérkennsluverkefni við grunnskólana og sér þess merki í launum umfram kjarasamningsbreytingar hjá öllum grunnskólum, mismikið þó.

Nemendafjöldi í frístundaseljum hefur farið vaxandi síðastliðið ár og því er óumflýjanlegt að auka útgjöld vegna þessarar þjónustu.

Gjaldskrár frístundaselja og mötuneyta hækka í takt við verðlagsbreytingar um 3,5%.

Fjárhagsáætlun grunnskóla Mosfellsbæjar stendur undir áherslu skólanna á metnaðarfullt og öflugt skólastarf, enda byggir gott skólastarf einkum og sér í lagi á fagkunnáttu, þekkingu, hugmyndaauðgi og uppeldisreynslu starfsfólks.

#### **04-27 Nemendur í öðrum skólum / jöfnunarframlag vegna fatlaðra nemenda.**

Inn á þennan bókhaldslið eru færð útgjöld vegna vistunar grunnskólanemenda (fatlaðra og ófatlaðra) í öðrum skólum, utan sveitarfélagsins. Kostnaður vegna þjónustu sem sótt er til Reykjavíkur vegna fatlaðra barna er mjög mikill á hvern nemanda. Því til viðbótar er hækkun milli ára í almennu gjaldi, þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur nýverið gefið út nýja gjaldskrá vegna nemenda í öðrum skólum.

Einnig er gert ráð fyrir að miðlægur kostnaður vegna uppbyggingar þjónustu grunnskóla sé bókfærður hér, einkum er haft í huga ef frekari aukning verður á þörf fyrir þjónustu fatlaðra nemenda og vegna viðbótarkostnaðar við að koma á fót sérdeildum.

#### **04-29 Flutningur nemenda**

Skólaakstur hækkar vegna verðlagsbreytinga og vegna aukinnar þjónustu vegna fjölgunar nemenda. Akstur vegna frístundastarfs, almenns skólaaksturs til og frá Varmárskóla, eða greiðsla í almenningsvagna ef það á við, akstur í íþróttahúsið að Varmá úr Lágafellsskóla, akstur vegna leikskóla og vegna Krikaskóla er grundvöllur fyrir kostnaði á þessari deild.

#### 04-41 Borgarholtsskóli

Hér er um að ræða reiknaða leigu frá Eignasjóði, þar sem hlutur Mosfellsbæjar í Borgarholts-skóla er eignfærður.

#### 04-42 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Hér er um að ræða reiknaða leigu frá Eignasjóði, þar sem hlutur Mosfellsbæjar í framhaldsskólanum er eignfærður.

#### 04-51 Listaskóli Mosfellsbæjar

Gjaldskrá Listaskóla Mosfellsbæjar hækkar frá og með næsta skólaári frá 1. ágúst 2014 í samræmi við almennar verðlagshækkanir um 3,5% eins og aðrar gjaldskrár bæjarins. Gert er ráð fyrir greiðslum til Myndlistarskóla og Leikfélagsins sem hluta af Listaskólanum. Kostnaður vegna nemenda í framhaldsnámi er nú færður alfarið á skólann, en jafnframt berast greiðslur frá Jöfnunarsjóði vegna þessarar kennslu. Samkomulag Sambandsins við ríkið um framhald um tónlistarnemendur í framhaldsnámi er þannig úr garði gert að Mosfellsbær borgar með verkefninu. Hér fyrir neðan sést hvernig tekjur og útgjöld vegna þessa skiptast. Þetta hefur mikil áhrif á heildarniðurstöðu Listaskóla að þessu sinni.

8.928.000	Kostnaður vegna kennslu
6.200.000	Kostnaður vegna útgjaldajöfnunar jöfnunarsjóðs
15.128.000	Samtals útgjöld vegna kennslu nema í framhaldsnámi
-5.405.011	Jöfnunarframlag jöfnunarsjóðs
9.722.989	Nettó útgjöld Mosfellsbæjar til að sinna verkefni ríkisins

#### 04-52 Umferðarskólinn ungir vegfarendur

Samningur við umferðarráð og umferðarkennsla 5 ára barna að vori.

#### 04-53 Skólahljómsveit

Gjaldskrá hækkar í takt við almennar verðlagshækkanir um 3,5% frá 1. janúar, en gert er ráð fyrir sambærilegri þjónustu milli ára.

#### 04-81 Ýmsir styrkir

Hér er greitt fyrir samninga vegna íslenskukennslu erlendra borgara á Íslandi. Hér er líka gert ráð fyrir greiðslum til Íþróttakademíu FMOS.

### 05/06/13-01/21-71 – MENNINGARSVIÐ

Stofnanir á sviðinu eru færðar á 30 bókhaldsdeildir á fjárhagsárinu 2013. Hver stofnun hefur afmarkað hlutverk, en mikið samstarf er milli stofnana á sviðinu og milli sviða.

Stofnanirnar eru: Skrifstofa menningarsviðs, Bókasafn Mosfellsbæjar, Listasalur Mosfellsbæjar, Íþrótt- og tólmundaskóli Mosfellsbæjar, Vinnuskóli Mosfellsbæjar, Félagsmiðstöðin Bólið, Íþróttamiðstöðin að Varmá og Íþróttamiðstöðin Lágafell.



Auk þess er fært á sérstakar bókhaldsdeildir ýmis menningarkostnaður, kostnaður við fasta árlega menningarviðburði, kostnaður vegna fornleifaverkefnis, Lista- og menningarsjóður, vinabæjartengsl, bæjarhátíðina "Í túninu heima" og þróunar- og ferðamál. Á sviðið er einnig færður kostnaður vegna Héraðsskjalasafns, en það er rekið af fjármála- og stjórnsýslusviði. Þá er fært á sérstakar bókhaldsdeildir kostnaður vegna skólagarða og tjaldstæðis sem og annarra íþróttamannvirkja, svo sem gervigrasvallar við Varmá og skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, en einnig rekstur og styrkir til félaga og vegna íþróttá- og tómstundamála. Þá er ógetið nefnda á sviðinu: menningarmálanefndar, íþróttá- og tómstundanefndar og þróunar- og ferðamálanefndar.

#### **05-01 Menningarmálanefnd**

Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda nefndarfunda samanborið við árið 2013. Kostnaðaraukning umfram 3,25% launahækkun stafar af röngum launaforsendum í áætlun nefndarinnar sl. ár.

#### **05-02 Skrifstofa menningarsviðs**

Með tilkomu nýs skipurits 2008 var ákveðið að skipta fræðslu- og menningarsviði í tvennt. Launakostnaður sem og annar kostnaður er nú færður hér, bæði það sem áður var fært á Skólaskrifstofu, en einnig það sem var fært á íþróttasvið. Þá er færður húsaleigukostnaður og hluti kostnaðar vegna verkefna vegna menningarmála á árinu. Með þessu er verið að hrinda enn frekar í framkvæmd þessari skiptingu sviðanna.

#### **05-03 Laxnessetur**

Áætluð útgjöld og bókfærður kostnaður vegna samnings milli Mosfellsbæjar og Gljúfrasteins er færður hér.

#### **05-11 Bókasafn**

Rekstur bókasafns verður með óbreyttu sniði milli ára. Bókasafnið og Listasalur Mosfellsbæjar halda áfram að vera í fararbroddi menningarmála á vegum sveitarfélagsins, enda mikilvægur samkomustaður bæjarbúa, bæði í félagslegum, menningarlegum og listrænum tilgangi.

#### **05-43 Fornminjar – söguritun**

Á þessum lið er skráður kostnaður sveitarfélagsins af samstarfi við hóp erlendra fornleifafræðinga, sem stunda uppgröft og fornleifarannsóknir í Mosfellsdal. Þeir hafa jafnframt unnið að fornleifauppgrefti fyrir bæinn vegna lagalegrar skyldu bæjarins gagnvart hugsanlegum fornminjum í væntanlegu byggingarlandi.

#### **05-51 Lista- og menningarsjóður**

Áætlað er að framlag bæjarins í sjóðinn verði kr. 2 mkr. en menningarmálanefnd ber að gera starfsáætlun fyrir sjóðinn fyrir lok janúar ár hvert. Það er verkefni nefndarinnar að gera tillögu til bæjarstjórnar, hvort sækja eigi viðbótarfé í lista- og menningarsjóð vegna menningarverkefna á árinu 2014 eða draga saman seglin.

#### **05-52 Listasalur**

Hér er bókfærður kostnaður við Listasal Mosfellsbæjar og hann þar með slitinn frá rekstri Bókasafnsins, hvað varðar innkaup og þjónustu. Starfsmenn salarins eru starfsmenn Bókasafns og hefur forstöðumaður Bókasafns yfirumsjón með rekstri Listalarins.





#### **05-72 Þjóðhátíð 17. júní**

Stefnt er að því að kostnaður við þjóðhátíðarhald hækki lítillega, en gert ráð fyrir að hátíðarhöldin verði með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár.

#### **05-73 Áramót, þrettándi og öskudagur**

Gert er ráð fyrir því að enn verði mikið lagt upp úr þrettándasamkomunni, en samkoman í kringum brennuna er fjölmennasta samkoma sem haldin er hér í Mosfellsbæ á ári hverju. Þá er einnig gert ráð fyrir kostnaði við áramótabrennu.

#### **05-74 Í túninu heima**

Bæjarhátíðin er færð á sérstakan lykil og er til marks um það að hátíðin hafi fest sig í sessi. Kostnaður er nærri raunkostnaði sl. árs. Enn er gert ráð fyrir að aflað verði tekna hjá styrktaraðilum við bæjarhátíðina. Væntingar eru um að hægt verði að efla samstarf við félög og fyrirtæki í bænum enn frekar á komandi ári.

#### **05-79 Ýmis hátíðarhöld**

Hér er gert ráð fyrir útgjöldum vegna menningartengdra viðburða, svo sem Menningarvors í Mosfellsbæ, ýmissa tónleika og annarra menningaruppákoma. Gert er ráð fyrir svipuðum umsvifum á árinu 2014 og árinu á undan.

#### **05-88 Aðrir styrkir**

Hér eru bókfærðir almennir styrkir til félaga vegna húsaleigu og framlög bæjarsjóðs í Lista- og menningarsjóð. Framlög eru með sama hætti og síðasta ár. Með framlaginu er ekki gert ráð fyrir að safnist í sjóðinn á þessu ári og frekar að nýta þurfi fjármuni sem fyrir eru í sjóðnum til menningarmála þetta árið. Húsaleiga er nú einnig færð til bókar sem styrkur, fyrir afnot lista- og menningarfélaga af húseignum bæjarfélagsins.

#### **21-71 Vinabæjartengsl**

Gert er ráð fyrir kostnaði vegna nýs unglingsverkefnis, sem er um leið lok á eldra formi á verkefninu. Ekki var vinabæjarmót á árinu 2013 en vinabæjarmót verður á næsta ári í Uddevalla í Svíþjóð og er gert ráð fyrir kostnaði vegna slíkrar ferðar.

### **06 – ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDAMÁL**

#### **06-01 Íþrótt- og tómstundanevnd**

Gert er ráð fyrir jafn mörgum fundum og sl. ár. Kostnaðaraukning umfram 3,25% launahækkun stafar af röngum launaforsendum í áætlun nefndarinnar sl. ár.

#### **06-24 Íþrótt- og tómstundaskóli**

Hér er gert ráð kostnaði vegna sumarnámskeiða.

Hækkun milli ára skýrist af aukinni greiðslu vegna sumarnámskeiða vegna fatlaðra barna. Þá er hér bókfært í fyrsta skipti kostnaður vegna sumarnámskeiða í Krikaskóla. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá íþrótt- og tómstundaskóla og gjaldskrá frístundaselja hækki um 3,25%, sem er í takt við verðlagshækkunir. Gjaldskrá frístundaselja og íþrótt- og tómstundaskóla er samtengd og hækka því jafnt.



#### **06-26 Tjaldstæði**

Hér er færður kostnaður vegna tjaldsvæðis, en tómsundasvið hefur haft umsjón með þessum þætti sl. ár og mun halda því áfram á árinu 2014.

#### **06-27 Vinnuskóli**

Vinnuskólinn gerir ráð fyrir venjubundinni starfsemi. Gert er ráð fyrir að sumarvinna ungmenna verði með sama hætti og sl. ár, bæði eftirspurn og stjórnun, en gert er ráð fyrir 20 milljón vegna þessa. Á vinnuskólann eru einnig færðar til útgjalda greiðslur til ungmenna sem fá styrk frá bænum til að stunda íþróttir, tómsundir og listir yfir sumartímamann. Gert er ráð fyrir að úthlutun styrkja verði með sama hætti og sl. ár.

#### **06-31 Félagsmiðstöðin Ból**

Starfssemi félagsmiðstöðvarinnar og félagsstarf fyrir unglunga í Lágafellsskóla og Varmárskóla verður með sama hætti og síðastliðið ár og verður unnið áfram í samvinnu við grunnskólana.

#### **06-51 Íþróttamiðstöðin að Varmá**

Gert er ráð fyrir sama þjónustustigi að Varmá eins og sl. ár, en hluti af kostnaði er færður miðlægt á skrifstofu menningarsviðs. Komið hefur verið á þrískiptu vaktakerfi, með þremur vaktstjórum svo það gangi upp að halda húsinu opnu fram undir miðnætti sérhvern virkan dag. Gjaldskrár sem nú eru samræmdar við íþróttamannvirki á höfuðborgarsvæðinu munu hækka í takt við almennar verðlagshækkunar um 3,5%.

#### **06-58 Íþróttamiðstöðin Lágafell**

Gert er ráð fyrir óbreyttu þjónustustigi við Lágafell. Beinar tekjur skerðast vegna aukinnar eftirspurnar íþróttafélaga eftir afnotum af íþróttasölum Lágafells, en gert er ráð fyrir auknum tekjum vegna leigu á sundlaugaraðstöðu. Þá munar um tekjur vegna gesta í World Class.

Þá má geta þess að húsaleiga hækkar meira milli ára en hjá öðrum stofnunum, þar sem leiga greiðist ekki til Eignasjóðs. Gjaldskrár eru samræmdar við íþróttamannvirki á höfuðborgarsvæðinu og hækka um 3,5%.

#### **06-61 Íþróttavöllurinn Tungubökkum**

Hér eru millifærð leigugjöld vegna Tungubakka og vegna búningaáðstöðu. Þá er einnig greitt fyrir viðhald vallarins vegna sláttar, söndunar o.fl. Með nýjum samningum milli Mosfellsbæjar og UMFA hefur sveitarfélagið alfarið tekið yfir reksturinn af Tungubökkum, enda eru nú fallnar niður greiðslur til UMFA samkvæmt eldri samningi. Allur kostnaður af Tungubökkunum er síðan millifærður sem styrkur til UMFA eins og önnur afnot af íþróttamannvirkjum bæjarins.

#### **06-62 Gervigrasvöllurinn að Varmá.**

Hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna gervigrasvallarins að Varmá, rafmagni, hita og viðhaldi/rekstri. Þá hafa tekjur vegna vallarins einnig verið færðar hér.



#### **06-81; 06-82; 06-83; 06-84; 06-86; 06-87**

##### **Íþróttta- og tómslundafélög.**

Á árinu 2013 voru gerðir tímamótasamningar við íþróttta- og tómslundafélög Mosfellsbæjar og gilda þeir til 2017. Verulega er aukið í stuðning við félög í bænum og sér þess merki í fjárhagsáætlun 2014.

Samningar við UMFA njóta sérstöðu vegna stærðar félagsins og umfangs þeirra starfsemi. Eitt einkenni samninganna er að þeir eru skýrari og gagnsæjari. Rekstri félagsins er tryggt fé, sem og barna- og unglíngastarfi, ásamt afreksstarfi, einstaklinga og hópa.

Samningar annarra félaga taka mið af samningi UMFA hvað varðar hlutfallslega aukningu framlaga og hvað varðar ákveðinn jöfnuð eða réttlæti milli félaga. Nú fer til að mynda í fyrsta skipti fram greiðsla til félaga fyrir eigin afnot af húsnæði, til samanburðar við þau félög sem nýta húsnæði sveitarfélagsins undir starfsemi sína. Rétt er að geta þess að framlag vegna reiðhalla hækkar í samræmi við samninga um styrk bæjarins vegna kostnaðar við byggingu hallarinnar, en nú er komið að síðasta árinu í greiðslu þessa framlags.

##### **06-85 Stjórn skíðasvæða.**

Kostnaður vegna uppbyggingar Bláfjalla og Skálafells er í samræmi við samninga og samkomulag sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu og rekstur svæðanna hverju sinni.

##### **06-89 Ýmsir styrkir.**

Gert er ráð fyrir að frístundaávísun muni hækka í 25.000,-. Hér eru einnig færð til bókar önnur íþróttafélög sem ekki hafa sér deildir vegna smæðar sinnar, eins og skíðadeild KR og Mótomos.

## **13 ÞRÓUNAR- OG FERÐAMÁL**

### **13-01 Þróunar og ferðamálanefnd**

Með tilkomu menningarsviðs sem sjálfstæðs sviðs, hafa bæst við sviðið málefni þróunar- og ferðamála. Verkefni Mosfellsbæjar í tengslum við þróunar- og ferðamál eru með svipuðum hætti og sl. ár. Rekstur tjaldstæðis er hluta af verkefnum nefndarinnar, en tjaldstæði eru bókfærð á íþróttta- og tómslundasviði.

Áfram er gert ráð fyrir að unnið verði að kynningarmálum með ferðaþjónustuaðilum í Mosfellsbæ. Einnig verður áfram, í samræmi við samþykktir, stutt við upplýsingaþjónustu ferðamála sem nú er staðsett á Hótel Laxnesi. Hér er einnig gert ráð fyrir að áfram verði haldið að styðja við þróunar- og sprotaverkefni í Mosfellsbæ á árinu 2014 meðal annars með því að leggja sérstaka áherslu á þróunarverkefnið um Heilsueflandi samfélag. Það er í samræmi við auknu áherslu á heilsutengda atvinnustarfsemi og ferðaþjónustu sem varð til við stofnun heilsuklasa, sem í dag heitir Heilsuvin í Mosfellsbæ.



## **08/09/10/11/31/33/43/47/63 UMHVERFISVIÐ**

Skýringar við einstaka af ofangreindum málaflokkum á tækni- og umhverfissviði eru sem hér segir:

### **08-22 Sorphirða**

Gert er ráð fyrir hækkun sorphirðugjalds í samræmi við verðlagsþróun en þjónustustig hefur breyst umtalsvert með innleiðingu blárra tunna og aukinni sorphirðu.

### **08-23 Sorpeyðing**

Hér er um að ræða greiðslur til Sorpu bs. í samræmi við eigendasamkomulag byggðasamlagsins. Kostnaður skiptast í eftirtalda þrjá meginliði; rekstur endurvinnslustöðva, rekstur grenndargáma og móttöku sorps. Hækkun er á liðnum umfram verðlagsþróun vegna framkvæmda á vegum SORPU bs. og lántökur sem eru þeim tengdar.

### **09-02 Skrifstofa bæjarverkfræðings**

Umfang rekstrar er svipað og verið hefur síðastliðin ár. Þó er gert ráð fyrir auknum lögfræðikostnaði vegna aukningar þess háttar verkefna í nefndum bæjarfélagsins og verkefnum sem tengd eru samþykktum og gjaldskráum.

### **09-11 Mæling, skráning og kortagerð**

Kostnaður við rekstur landupplýsingakerfis er færður undir þennan lið. Tekjur koma frá veitum enda er í kerfið færðar inn allar teikningar og breytingar af veitukerfum í sveitarfélaginu sem og öllum öðrum mannvirkjum.

### **09-21 Skipulags- og byggingarnefnd**

Gert er ráð fyrir tveimur færri fundum árið 2014 miðað við 2013, aðallega vegna fækkunar í fjölda mála og því að vinnu við aðalskipulag er nú lokið.

### **09-22 Aðalskipulag**

Dregið er úr kostnaði miðað við árið 2013 þar sem nýtt aðalskipulag hefur nú verið staðfest.

### **09-23 Deiliskipulag**

Gert er ráð fyrir hóflegri aukningu á vinnu við deiliskipulag á árinu 2014.

### **09-52 Byggingaeftirlit**

Hér undir færast tekjur af byggingarleyfisgjöldum og útgjöld vegna þjónustu byggingarfulltrúa. Gert er ráð fyrir svipuðum útgjöldum til málaflokksins og á síðasta ári en að tekjur aukist umtalsvert vegna fjölgunar byggingarleyfisumsókna í nýjum hverfum Mosfellsbæjar.

### **10-03 Sameiginlegur kostnaður**

Verktakakostnaður hefur aukist milli ára en síðustu ár hefur gatnakerfi Mosfellsbæjar stækkað þó nokkuð milli ára, annars vegar með tilkomu nýrra hverfa og hins vegar vegna yfirtöku héraðsvega frá Vegagerðinni. Reynt verður að halda í horfinu með viðhaldi, holufyllingum og heflun malarvega á öllum þeim fjölda malarvega sem tilheyra sveitarfélaginu.



### **10-31 Götulýsing**

Kostnaður við lýsingu eykst nokkuð en það stafar það aðallega af hækkun raforku en ljósastaurum í rekstri sveitarfélagsins hefur ennfremur fjölgað talsvert með nýjum hverfum.

### **10-51 Gangbrautir og umferðarmerki**

Gangbrautir og umferðarmerki er liður sem hækkar aðeins milli ára. Ekki er hægt að draga úr kostnaði við þennan öryggisþátt, sem snýr að vegfarendum. Umferðarskiltum verður skilyrðislaust að viðhalda og hafa í góðu ásigkomulagi sem og gatnamerkingum og öðrum leiðbeiningum til vegfarenda.

### **10-61 Snjómokstur og hálkueyðing**

Gert er ráð fyrir að snjó- og hálkueyðing verði með svipuðu sniði og árið 2007.

### **10-71 Strætó**

Áætlun ársins 2014 eins og hún var samþykkt í stjórn Strætó bs.

### **10-72 Biðskýli**

Gert er ráð fyrir viðhaldi eldri biðskýli með svipuðum hætti og verið hefur síðastliðin ár, þ.e. að biðskýlin eru máluð og skipt um gler þegar þörf er á, ásamt því að eitt skýli verði endurnýjað.

### **11-01 Umhverfisnefnd**

Gert er ráð fyrir 9 fundum í umhverfisnefnd árið 2014.

### **11-02 Umhverfisdeild og Staðardagskrá**

Aðkeypt vinna verður eins og fyrri ár í lágmarki en stefnt er að sókn í grænu bókhaldi sveitarfélagsins og aukinni vinnu við Staðardagskrá 21.

### **11-31 Garðyrkjudeild**

Til þess að halda í við stækkun bæjarfélagsins og þar með fjölgun opinna svæða með tilkomu nýrra hverfa er gert ráð fyrir fleiri sumarstarfsmönnum.

### **11-41 Opin svæði**

Stefnt að skipulagsbreytingu þar sem svæði eru flokkuð niður í mismunandi umhirðuflokka. Þá verður frekari aðskilnaður á umhirðu á vegum Eignasjóðs og almennra opinna svæða á vegum Mosfellsbæjar. Umhirðustig er að öðru leyti svipað og verið hefur undanfarin ár.

### **11-43 Leikvellir**

Stefnt er að svipuðu umhirðustigi leikvalla og verið hefur síðastliðin ár.

### **11-44 Garðlönd**

Gert er ráð fyrir að umfang garðlanda verði svipað og verið hefur undanfarin ár. Ekki gert ráð fyrir aukningu þar sem hámarki í fjölda úthlutaðra garða var náð árið 2011.



### **31-02 Skrifstofa Eignarsjóðs**

Verkefni við umsjón og eftirlit eignfærðra framkvæmda að mestu leyti á höndum starfsmanna umhverfissviðs.

### **31-xx – viðhald stofnana**

Viðhald stofnana eykst vegna fjölgunar stofnana. Viðhald stærri stofnana áþekkt og á síðustu tveimur árum.

### **33-21 Tæknideild**

Rekstur tæknideildar er svipaður milli ára, nokkrar leiðréttingar eru þó gerðar miðað við áætlun ársins 2013.

### **33-24 Trésmiðja**

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi. Trésmiðja hefur verið stoðdeild fyrir Eignasjóð sem gert hefur það að verkum að mögulegt hefur verið að hagræða í smíðakostnaði. Sem dæmi um slíka smíði er gluggasmíði í Varmárskóla og Hlégarð.

### **43-21 Almennur rekstur Vatnsveitu**

Rekstur veitu er að mestu leyti óbreyttur milli ára.

### **43-22 Keypt kalt vatn**

Gert er ráð fyrir aukningu í kaupum á köldu vatni vegna stækkunar sveitarfélagsins.

### **43-23 Viðhald veitukerfis**

Umfang viðhalds er nánast óbreytt á milli ára.

### **47-21 Almennur rekstur hitaveitu**

Umfang rekstrar er nánast óbreytt á milli ára.

### **47-22 Keypt heitt vatn**

Gert er ráð fyrir aukningu á kaupum á heitu vatni í samræmi við aukningu sem orðið hefur á síðustu árum.

### **47-23 Viðhald hitaveitukerfis**

Umfang viðhalds er nánast óbreytt á milli ára

### **65-12 Holræsi og niðurföll**

Umfang rekstrar svipaður milli ára.

### **65-42 Hreinsun rotþróa**

Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við hreinsun rotþróa milli ára.





## 05/07/08/21-01...82 STJÓRNSÝSLUSVIÐ ÁSAMT FJÁRMÁLAEILD OG KYNNINGARMÁLUM

### 05-31 Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar

Um er að ræða hefðbundinn rekstur sem segja má að samanstandi af tveimur megin útgjaldaliðum þ.e. launum og húsaleigu. Sú breyting varð um sl. áramót að nú starfa héraðsskjalavörður í fullu starfi á safninu sem hefur orðið til þess að hægt hefur verið að komast í það að flokka og skrá inn gögn sem beðið hafa árum saman í kössum. Verkefnið er ærið en sækist í rétta átt.

### 07-21 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins SHS

Hér er um að ræða framlag til sameiginlegs reksturs slökkviliðsins samkvæmt áætlun þeirri sem samþykkt hefur verið í stjórn SHS og vísast til áætlunarinnar sjálfrar til úrskýringar á einstökum liðum hennar. Áætlunin hækkar á milli ára umfram verðlagsbreytingar og byggir það m.a. á hækkuðu fjárfestingarframlagi og fjölgunar íbúa.

### 07-41 Almannaþingir höfuðborgarsvæðisins AHS

Hér er um að ræða framlag til sameiginlegs reksturs almannaþinga samkvæmt áætlun þeirri sem samþykkt hefur verið í stjórn AHS og vísast til áætlunarinnar sjálfrar til úrskýringar á einstökum liðum hennar.

### 08-11 Heilbrigðiseftirlit Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Kjósar

Hér er um að ræða framlag til sameiginlegs heilbrigðiseftirlits Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Kjósarhrepps. Áætlunin byggir á greinargerð nefndarinnar sjálfrar.

### 21-01..82 Sameiginlegur kostnaður

Hér er á ferðinni allur hefðbundinn yfirstjórnarkostnaður s.s. bæjarstjórn, bæjarráð og allur almennur skrifstofukostnaður. Kostnaðarhlutdeild B-hluta stofnana bæjarins í sameiginlegum kostnaði bæjarins hefur verið tekjufærð hjá málaflokknum og að sama skapi gjaldfærð hjá viðkomandi stofnun. Hækkun á milli ára skýrist einkum af óvissu vegna kjarasamningagerðar á næsta ári og hækkun lífeyrisskuldbindinga. Einnig er verið að gera ráðstafanir vegna fjölgunar bæjarfulltrúa úr sjö í níu.

### 21-43 Þjónustu- og upplýsingarmál

Undir liðinn bókast þjónustuver Mosfellsbæjar þar sem starfa 6 starfsmenn í 5 stöðugildum. Þar fer fram þjónusta bæði við aðra starfsmenn bæjarins og íbúa ásamt hverjum þeim er eiga erindi við Mosfellsbæ. Þar fer fram öll móttaka bæjarskrifstofu og símsvörun. Heimasíða og kynningarmál eru einnig hluti af þessum lið. Unnið er í uppfærslu á heimasíðu Mosfellsbæjar og mun hún líta dagsins ljós í byrjun árs 2014. Þá munu heimasíður allra stofnana einnig verða uppfærðar á árinu.


## FJÁRMAGNSLIÐIR

Fjármagnsgjöld langtímalána ákvarðast af gildandinu lánasamningum og væntri verðlagsþróun samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá júní 2013. Í áætluninni er gert ráð fyrir 3,5% hækkun vísitölu neysliverðs milli árána 2012 til 2013 og 3,0% milli árána 2013 og 2014.




# **FJÁRHAGSÁÆTLUN 2014**

## Samantekið - A og B hluti


 <b>MOSFELLSBÆR</b>	Skýr.	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	*Áætlun	*Áætlun	*Áætlun					
		2012	2013	2014	2015	2016	2017					
<b>Rekstrarreikningur</b>												
<b>Tekjur:</b>												
Skatttekjur.....		3.799.660	4.052.889	4.411.215	4.534.729	4.660.662	4.789.870					
Framlög jöfnunarsjóðs.....		1.052.412	1.124.482	1.197.340	1.230.866	1.264.099	1.298.230					
Aðrar tekjur.....		1.360.438	1.554.213	1.763.763	1.813.148	1.898.331	1.984.519					
		<u>6.212.510</u>	<u>6.731.584</u>	<u>7.372.318</u>	<u>7.578.743</u>	<u>7.823.091</u>	<u>8.072.618</u>					
<b>Gjöld:</b>												
Laun og launatengd gjöld.....		2.850.405	3.072.301	3.388.035	3.482.900	3.576.938	3.673.516					
Annar rekstrarkostnaður.....		2.456.207	2.708.203	3.028.631	3.112.802	3.236.169	3.361.447					
Afskriftir.....		294.123	307.483	342.612	349.009	360.317	370.920					
		<u>5.600.735</u>	<u>6.087.986</u>	<u>6.759.278</u>	<u>6.944.711</u>	<u>7.173.424</u>	<u>7.405.883</u>					
Niðurstaða án fjármagnsliða		<u>611.775</u>	<u>643.598</u>	<u>613.040</u>	<u>634.032</u>	<u>649.668</u>	<u>666.736</u>					
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(	570.430)	(	600.992)	(	576.181)	(	340.624)	(	339.688)	(	333.973)
Tekjuskattur.....	(	12.068)	(	8.820)	(	8.820)	(	8.820)	(	8.820)	(	8.820)
Rekstrarniðurstaða.....		<u>29.277</u>	<u>33.785</u>	<u>28.039</u>	<u>284.588</u>	<u>301.159</u>	<u>323.942</u>					

\* Á festu verðlagi

## Samantekið - A og B hluti

 <b>MOSFELLSBÆR</b>	Skýr.	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	*Áætlun	*Áætlun	*Áætlun
		2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Efnahagsreikningur</b>							
<b>Eignir</b>							
<b>Fastafjármunir:</b>							
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir:</b>							
Fasteignir .....	9.142.152	10.111.761	10.275.495	10.527.670	10.759.087	10.979.856	
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur .....	2.252.903	2.195.577	2.166.308	2.106.881	2.046.904	1.986.377	
Vélar, áhöld og tæki .....	21.337	27.546	21.861	14.496	7.131	361	
Leigugeignir .....	159.427	141.035	122.643	104.252	85.860	67.468	
	<b>11.575.819</b>	<b>12.475.919</b>	<b>12.586.307</b>	<b>12.753.299</b>	<b>12.898.982</b>	<b>13.034.063</b>	
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur:</b>							
Eignahlutir í félögum .....	237.199	238.368	238.368	238.368	238.368	238.368	
Skatteign .....	37.366	37.366	37.366	37.366	37.366	37.366	
Langtímakröfur .....	34.828	32.612	329.851	476.527	423.203	369.879	
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	0	0	0	0	0	0	
	<b>309.393</b>	<b>308.346</b>	<b>605.585</b>	<b>752.261</b>	<b>698.937</b>	<b>645.613</b>	
Fastafjármunir	<b>11.885.212</b>	<b>12.784.265</b>	<b>13.191.892</b>	<b>13.505.560</b>	<b>13.597.919</b>	<b>13.679.676</b>	
<b>Veltufjármunir:</b>							
Birgðir.....	4.633	4.633	4.633	4.633	4.633	4.633	
<b>Skammtímakröfur:</b>							
Önnheimtar tekjur .....	456.750	456.750	456.750	456.750	456.750	456.750	
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	0	0	0	0	0	0	
Aórar skammtímakröfur .....	278.304	278.304	278.304	278.304	278.304	278.304	
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	3.704	3.712	3.732	53.324	53.324	53.324	
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirtæki .....	0	0	0	0	0	0	
Verðbréf.....	0	0	0	0	0	0	
Handbært fé.....	189.471	2.670	81.247	110.154	228.748	357.610	
Veltufjármunir	<b>932.862</b>	<b>746.069</b>	<b>824.666</b>	<b>903.165</b>	<b>1.021.759</b>	<b>1.150.621</b>	
Eignir samtals	<b>12.818.074</b>	<b>13.530.334</b>	<b>14.016.559</b>	<b>14.408.725</b>	<b>14.619.678</b>	<b>14.830.297</b>	

## Samantekið - A og B hluti

 <b>MOSFELLSBÆR</b>	Skýr.	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	*Áætlun	*Áætlun	*Áætlun
		2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>31. desember</b>							
<b>Eigið fé og skuldir</b>							
<b>Eiginfjárreikningar:</b>							
Eigið fé.....	3.920.807	3.954.842	3.982.882	4.267.470	4.568.629	4.892.571	
	3.920.807	3.954.842	3.982.882	4.267.470	4.568.629	4.892.571	
<b>Skuldbindingar:</b>							
Lífeyrisskuldbindingar.....	982.442	1.041.531	1.112.771	1.182.011	1.249.251	1.314.491	
Aðrar skuldbindingar.....	5.125	5.125	5.125	5.125	5.125	5.125	
	987.567	1.046.656	1.117.896	1.187.136	1.254.376	1.319.616	
<b>Langtímaskuldir:</b>							
Skuldir við lánastofnanir.....	6.257.174	6.717.338	7.296.233	7.364.955	7.263.560	7.109.476	
Leiguskuldir.....	257.022	244.511	223.648	195.450	167.252	139.054	
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	( 0 )	0	0	
	6.514.196	6.961.849	7.519.882	7.560.405	7.430.812	7.248.530	
<b>Skammtímaskuldir:</b>							
Skuldir við lánastofnanir.....	0	103.000	0	0	0	0	
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0	
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	641.494	711.637	642.729	640.543	612.690	616.410	
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	29.038	27.377	28.198	28.198	28.198	28.198	
Næsta árs afb. langtímaskulda við eigin fyrirtæki.....	0	( 0 )	0	0	( 0 )	( 0 )	
Aðrar skammtímaskuldir.....	724.972	724.972	724.972	724.972	724.972	724.972	
	1.395.504	1.566.986	1.395.899	1.393.714	1.365.861	1.369.580	
Skuldir og skuldbindingar samtals	8.897.267	9.575.491	10.033.677	10.141.255	10.051.049	9.937.725	
Eigið fé og skuldir samtals	12.818.074	13.530.334	14.016.559	14.408.725	14.619.678	14.830.297	


## Samantekið - A og B hluti



MOSFELLSBÆR


	Skýr.	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014	*Áætlun 2015	*Áætlun 2016	*Áætlun 2017
<b>Sjóðstremisýfirlit</b>							
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>							
Niðurstaða ársins.....		29.278	33.785	28.039	284.588	301.159	323.942
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstremi:							
Reiknaðar afskriftir .....		294.124	307.483	342.612	349.009	360.317	370.920
Verðbætur og gengismunur .....		268.391	272.463	243.205	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna .....	( 2.136 )	0	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap eignarhluta .....	0	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur og aðrar breytingar .....		12.068	0	0	0	0	0
Framlög frá eigin sjóðum .....		0	0	0	0	0	0
Breyting á skuldbindingum .....		74.731	83.089	97.240	97.240	97.240	97.240
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)		676.456	696.820	711.097	730.837	758.716	792.102
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Birgðir, lækkun (hækkun) .....	( 250 )	0	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) .....	( 28.127 )	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun) .....	( 83.117 )	0	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....	136.081	0	0	0	0	0	0
Afborganir skuldbindinga .....	( 22.540 ) ( 24.000 ) ( 26.000 )	( 28.000 ) ( 30.000 ) ( 32.000 )					
Breytingar á rekstart. eignum og skuldum	2.047 ( 24.000 ) ( 26.000 )	( 28.000 ) ( 30.000 ) ( 32.000 )					
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		678.503	672.820	685.097	702.837	728.716	760.102
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>							
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	( 767.445 ) ( 1.200.000 ) ( 453.000 )	( 516.000 ) ( 506.000 ) ( 506.000 )					
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	2.749	0	0	0	0	0	0
Eignahlutir í félögum, breyting.....	( 29.656 ) ( 919 )	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting.....	17.084	3.538 ( 296.239 )	( 196.268 )	53.324	53.324		
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur, breyting.....	0	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	( 777.268 ) ( 1.197.381 ) ( 749.239 )	( 712.268 ) ( 452.676 ) ( 452.676 )					
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>							
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....	0	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	0	0	0	0	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	670.000	900.000	1.000.000	700.000	500.000	450.000	
Afborganir langtímalána.....	( 638.668 ) ( 665.240 ) ( 754.280 )	( 661.662 ) ( 657.446 ) ( 628.563 )					
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting.....	0	103.000 ( 103.000 )	0	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	31.332	337.760	142.720	38.338 ( 157.446 ) ( 178.563 )			
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....	( 67.433 ) ( 186.801 )	78.577	28.906	118.594	128.863		
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun .....	256.904	189.471	2.670	81.247	110.153	228.747	
Handbært fé (fjárbörf) í árslok .....	189.471	2.670	81.247	110.153	228.747	357.610	

## Samantekið - A og B hluti

 <b>MOSFELLSBÆR</b>	Skýr.	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	*Áætlun	*Áætlun	*Áætlun					
		2012	2013	2014	2015	2016	2017					
<b>Lykiltölur</b>												
<b>Í hlutfalli við tekjur</b>												
Skatttekjur .....		61,2%	60,2%	59,8%	59,8%	59,6%	59,3%					
Framlög jöfnunarsjóðs .....		16,9%	16,7%	16,2%	16,2%	16,2%	16,1%					
Aðrar tekjur .....		21,9%	23,1%	23,9%	23,9%	24,3%	24,6%					
		100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%					
Laun og launatengd gjöld .....		45,9%	45,6%	46,0%	46,0%	45,7%	45,5%					
Annar rekstrarkostnaður .....		39,5%	40,2%	41,1%	41,1%	41,4%	41,6%					
Afskriftir .....		4,7%	4,6%	4,6%	4,6%	4,6%	4,6%					
Fjármagnsliðir, nettó .....		9,2%	8,9%	7,8%	4,5%	4,3%	4,1%					
		99,3%	99,4%	99,5%	96,1%	96,0%	95,9%					
Framlög frá eigin sjóðum .....		0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%					
Rekstramiðurstaða (neikvæð) .....		0,5%	0,5%	0,4%	3,8%	3,8%	4,0%					
Skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum .....		124,9%	126,2%	121,7%	119,8%	114,9%	109,9%					
Skuldahlutfall .....		143,2%	142,2%	136,1%	133,8%	128,5%	123,1%					
Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .....		10,9%	10,4%	9,6%	9,6%	9,7%	9,8%					
Fjárfestingarhreyfingar .....		-12,5%	-17,8%	-10,2%	-9,4%	-5,8%	-5,6%					
<b>Í þúsundum króna á hvern íbúa</b>												
<b>Rekstur</b>												
Skatttekjur og jöfnunarsjóður .....		540	563	592	593	594	594					
Þjónustutekjur og aðrar tekjur .....		152	169	186	186	190	194					
Tekjur samtals		692	732	779	780	784	787					
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir nettó .....	(	687)	(	727)	(	775)	(	749)	(	753)	(	755)
Framlög frá eigin sjóðum .....		0	0	0	0	0	0					
Rekstramiðurstaða (neikvæð) .....		3	4	3	29	30	32					
<b>Efnahagur</b>												
Heildareignir .....		1.428	1.470	1.480	1.482	1.465	1.446					
Eigið fé .....		437	430	421	439	458	477					
Skuldbindingar og aðrir liðir .....		110	114	118	122	126	129					
Skuldir .....		881	927	942	921	881	840					
Eigið fé og skuldir samtals		1.428	1.470	1.480	1.482	1.465	1.446					
<b>Aðrar lykiltölur</b>												
Veltufjárlutfall .....		0,67	0,48	0,59	0,65	0,75	0,84					
Eiginfjárlutfall .....		0,31	0,29	0,28	0,30	0,31	0,33					
Íbúafjöldi 1. desember .....		8.978	9.202	9.468	9.722	9.982	10.255					




## Sveitarsjóður - A hluti


 <b>MOSFELLSBÆR</b>	Skýr.	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	*Áætlun	*Áætlun	*Áætlun
		2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Rekstrarreikningur</b>							
<b>Tekjur:</b>							
Skatttekjur.....	3.805.702	4.058.645	4.428.474	4.552.471	4.678.883	4.808.583	
Framlög jöfnunarsjóðs.....	1.052.412	1.124.482	1.197.340	1.230.866	1.264.099	1.298.230	
Aðrar tekjur.....	870.219	979.846	1.137.852	1.169.712	1.237.521	1.305.868	
	<u>5.728.333</u>	<u>6.162.973</u>	<u>6.763.666</u>	<u>6.953.049</u>	<u>7.180.503</u>	<u>7.412.680</u>	
<b>Gjöld:</b>							
Laun og launatengd gjöld.....	2.830.781	3.053.522	3.363.167	3.457.336	3.550.684	3.646.552	
Annar rekstrarkostnaður.....	2.221.105	2.452.334	2.739.554	2.815.631	2.930.974	3.048.012	
Afskriftir.....	227.495	225.249	260.548	271.163	281.921	291.974	
	<u>5.279.381</u>	<u>5.731.105</u>	<u>6.363.269</u>	<u>6.544.129</u>	<u>6.763.578</u>	<u>6.986.538</u>	
Niðurstaða án fjármagnsliða	448.952	431.868	400.397	408.919	416.925	426.142	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	( 437.224 )	( 447.157 )	( 427.136 )	( 247.981 )	( 248.957 )	( 245.201 )	
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0	0	
Rekstrarniðurstaða.....	<u>11.728</u>	<u>( 15.289 )</u>	<u>( 26.739 )</u>	<u>160.938</u>	<u>167.968</u>	<u>180.941</u>	

\* Á fastu verðlagi

## Sveitarsjóður - A hluti

 <b>MOSFELLSBÆR</b>	Skýr.	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	*Áætlun	*Áætlun	*Áætlun
		2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Efnahagsreikningur</b>							
<b>Eignir</b>							
<b>Fastafjármunir:</b>							
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir:</b>							
Fasteignir .....	8.482.656	9.219.512	9.405.882	9.675.317	9.923.995	10.162.024	
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur .....	1.025.235	1.004.394	983.553	962.711	941.870	921.029	
Vélar, áhöld og tæki .....	20.750	27.185	21.500	14.135	6.770	0	
Leigugeignir .....	159.427	141.035	122.643	104.252	85.860	67.468	
	<b>9.688.068</b>	<b>10.392.126</b>	<b>10.533.578</b>	<b>10.756.415</b>	<b>10.958.495</b>	<b>11.150.521</b>	
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur:</b>							
Eignahlutir í félögum .....	237.199	238.368	238.368	238.368	238.368	238.368	
Skatteign .....	0	0	0	0	0	0	
Langtímakröfur .....	34.008	32.204	329.839	476.515	423.191	369.867	
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	504.343	507.444	505.253	487.057	468.042	448.171	
	<b>775.550</b>	<b>778.016</b>	<b>1.073.461</b>	<b>1.201.940</b>	<b>1.129.601</b>	<b>1.056.406</b>	
<b>Fastafjármunir</b>	<b>10.463.618</b>	<b>11.170.142</b>	<b>11.607.039</b>	<b>11.958.356</b>	<b>12.088.096</b>	<b>12.206.927</b>	
<b>Veltufjármunir:</b>							
Birgðir.....	4.633	4.633	4.633	4.633	4.633	4.633	
<b>Skammtímakröfur:</b>							
Önnheimtar tekjur .....	456.750	456.750	456.750	456.750	456.750	456.750	
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	222.472	133.438	133.438	133.438	133.438	133.438	
Aórar skammtímakröfur .....	214.832	214.832	214.832	214.832	214.832	214.832	
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	3.308	3.268	3.324	53.324	53.324	53.324	
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirtæki .....	14.286	16.178	17.413	18.196	19.015	19.871	
Verðbréf.....	0	0	0	0	0	0	
Handbært fé.....	188.542	1.635	79.546	107.272	225.689	354.824	
<b>Veltufjármunir</b>	<b>1.104.823</b>	<b>830.734</b>	<b>909.937</b>	<b>988.445</b>	<b>1.107.681</b>	<b>1.237.672</b>	
<b>Eignir samtals</b>	<b>11.568.441</b>	<b>12.000.875</b>	<b>12.516.975</b>	<b>12.946.801</b>	<b>13.195.777</b>	<b>13.444.599</b>	

## Sveitarsjóður - A hluti

 <b>MOSFELLSBÆR</b>	Skýr.	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014	*Áætlun 2015	*Áætlun 2016	*Áætlun 2017
	31. desember						
<b>Eigið fé og skuldir</b>							
<b>Eiginfjárreikningar:</b>							
Eigið fé.....		3.615.247	3.454.087	3.427.348	3.588.286	3.756.254	3.937.195
		3.615.247	3.454.087	3.427.348	3.588.286	3.756.254	3.937.195
<b>Skuldbindingar:</b>							
Lífeyrisskuldbindingar.....		982.442	1.041.531	1.112.771	1.182.011	1.249.251	1.314.491
Aðrar skuldbindingar.....		5.125	5.125	5.125	5.125	5.125	5.125
		987.567	1.046.656	1.117.896	1.187.136	1.254.376	1.319.616
<b>Langtímaskuldir:</b>							
Skuldir við lánastofnanir.....		4.901.248	5.410.430	5.982.016	6.082.904	6.013.412	5.891.777
Leiguskuldir.....		257.022	244.511	223.648	195.450	167.252	139.054
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		0	0	0	0	0	0
		5.158.270	5.654.941	6.205.664	6.278.354	6.180.664	6.030.831
<b>Skammtímaskuldir:</b>							
Skuldir við lánastofnanir.....		0	103.000	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		469.568	325.392	418.793	548.205	687.252	836.554
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....		603.260	681.177	610.831	608.376	580.788	583.960
Næsta árs afborganir leiguskulda.....		29.038	27.377	28.198	28.198	28.198	28.198
Næsta árs afb. langtímaskulda við eigin fyrirtæki.....		0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....		705.491	708.245	708.245	708.245	708.245	708.245
		1.807.357	1.845.191	1.766.067	1.893.024	2.004.483	2.156.957
Skuldir og skuldbindingar samtals		7.953.194	8.546.788	9.089.627	9.358.515	9.439.523	9.507.404
Eigið fé og skuldir samtals		11.568.441	12.000.875	12.516.975	12.946.801	13.195.777	13.444.599


## Sveitarsjóður - A hluti



MOSFELLSBÆR

	Skýr.	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014	*Áætlun 2015	*Áætlun 2016	*Áætlun 2017
<b>Sjóðstremisýfirlit</b>							
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>							
Niðurstaða ársins.....		11.728 (	15.289 ) (	26.739 )	160.938	167.968	180.941
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Reiknaðar afskriftir .....		227.495	225.249	260.548	271.163	281.921	291.974
Verðbætur og gengismunur .....		220.648	209.540	187.631	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna .....	(	2.136 )	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap eignarhluta .....		0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur og aðrar breytingar .....		0	0	0	0	0	0
Framlög frá eigin sjóðum .....		0	0	0	0	0	0
Breyting á skuldbindingum .....		74.731	83.089	97.240	97.240	97.240	97.240
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)		532.466	502.590	518.680	529.341	547.129	570.154
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Birgðir, lækkun (hækkun) .....	(	250 )	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) .....	(	28.127 )	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun) .....	(	69.971 )	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		129.430	2.754	0	0	0	0
Afborganir skuldbindinga .....	(	22.540 ) (	24.000 ) (	26.000 ) (	28.000 ) (	30.000 ) (	32.000 )
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum		8.542 (	21.246 ) (	26.000 ) (	28.000 ) (	30.000 ) (	32.000 )
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		541.008	481.344	492.680	501.341	517.129	538.154
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>							
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(	453.523 ) (	901.000 ) (	402.000 ) (	494.000 ) (	484.000 ) (	484.000 )
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....		2.749 (	28.307 )	0	0	0	0
Eignahlutir í félögum, breyting.....	(	29.656 ) (	919 )	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting.....		16.708	3.159 (	296.683 ) (	196.676 )	53.324	53.324
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....		13.671	13.943	16.421	17.413	18.196	19.015
Skammtímakröfur, breyting.....		0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(	450.051 ) (	913.124 ) (	682.262 ) (	673.263 ) (	412.480 ) (	411.661 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>							
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....		0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....		442.942 (	55.142 )	93.401	129.412	139.047	149.302
Tekin ný langtímalán.....		170.000	900.000	1.000.000	700.000	500.000	450.000
Afborganir langtímalána.....	(	605.862 ) (	556.864 ) (	722.907 ) (	629.764 ) (	625.279 ) (	596.661 )
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....		0	0	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting.....		0	103.000 (	103.000 )	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		7.080	244.873	267.494	199.648	13.768	2.641
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....		98.037 (	186.907 )	77.911	27.726	118.417	129.135
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun .....		90.505	188.542	1.635	79.546	107.272	225.689
Handbært fé (fjárbörf) í árslok .....		188.542	1.635	79.546	107.272	225.689	354.824

## Sveitarsjóður - A hluti

 MOSFELLSBÆR	Skýr.	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	*Áætlun	*Áætlun	*Áætlun
		2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Lykiltölur</b>							
<b>Í hlutfalli við tekjur</b>							
Skatttekjur .....		66,4%	65,9%	65,5%	65,5%	65,2%	64,9%
Framlög jöfnunarsjóðs .....		18,4%	18,2%	17,7%	17,7%	17,6%	17,5%
Aðrar tekjur .....		15,2%	15,9%	16,8%	16,8%	17,2%	17,6%
		100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld .....		49,4%	49,5%	49,7%	49,7%	49,4%	49,2%
Annar rekstrarkostnaður .....		38,8%	39,8%	40,5%	40,5%	40,8%	41,1%
Afskriftir .....		4,0%	3,7%	3,9%	3,9%	3,9%	3,9%
Fjármagnsliðir, nettó .....		7,6%	7,3%	6,3%	3,6%	3,5%	3,3%
		99,8%	100,2%	100,4%	97,7%	97,7%	97,6%
Framlög frá eigin sjóðum .....		0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Rekstramiðurstaða (neikvæð) .....		0,2%	-0,2%	-0,4%	2,3%	2,3%	2,4%
Skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum .....		119,0%	121,1%	118,7%	119,3%	116,7%	114,0%
Skuldahlutfall .....		138,8%	138,7%	134,4%	134,6%	131,5%	128,3%
Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .....		9,3%	8,2%	7,7%	7,6%	7,6%	7,7%
Fjárfestingarhreyfingar .....		-7,9%	-14,8%	-10,1%	-9,7%	-5,7%	-5,6%
<b>Í þúsundum króna á hvern íbúa</b>							
<b>Rekstur</b>							
